




**SKOÐUN** Guðmundur Andri Thorsson fjallar um Bragmál og listamannaau. 12



**MENNING** Myndlistar-nemar setja á fót færanglegt prentverkstæði. 20



**LÍFID** Óskar eftir einhleyp-um og ófrjóum hojum í leikýningu. 30



**SPORT** Geir Sveinsson var grátlega nálægt því að vinna bikarkeppnina. 24

**LANDMARK**

FASTEIGNASALA

Landmark leiðir þig heim!  
Sími 512 4900 landmark.is

# FRÉTTABLAÐIÐ

Mánudagur

11. maí 2015  
109. tölublað 15. árgangur  
Sími: 512 5000

MEST LESNA  
DAGBLAÐ Á ÍSLANDI\*

FRÉTTIR



**Segir að réttarkerfið hangi á horriminni**

Varaformaður stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar Alþingis segir ríkissaksóknara eiga erfitt með að sinna lögbundnu hlutverki sínu. Dómstólar séu svo fjársveltir að ekki sé til aur fyrir reiknivélum handa dómurum. 10

**Alvarlegt að sálfræðiaðstoð skorti** Skólameistari Verkmenntaskólans á Akureyri segir sálfræðipjónustu skólans komna til að vera þrátt fyrir kostnað sem henni fylgi. 2

**Af hverju er ekki hlustað?**

Umhverfissvaktin við Hvalfjörð segir fyrirhugaða kísilverksmiðju Silicor tilraunastarfsemi og spyr af hverju borgarstjóri hlusti ekki á samtökin. 4




**Nýr formaður Landverndar**

Snorri Baldursson, líffræðingur og rithöfundur, sem nýkjörinn er formaður Landverndar, segir unnið

að mörgum góðum verkefnum og stefnubreytingar ekki að vænta. 4

**Skotar krefjast efnda** Ný stjórn breska íhaldsflokksins er óðum að taka á sig mynd og móta verkefnalista. Leiðtogi Skoska þjóðarflokksins vill sjá efndir á loforðum um auknið sjálfstæði Skota. 8



**2 SÉRBLÖÐ**

Fasteignir | Fólk



**ÚRSKURÐAR BEIÐ** Fulltrúar BHM og Félags háskólamenntaðra starfsmanna Stjórnarráðsins hjá Fjársýslunni slá á léttu strengi við Einar Karl Hallvarðsson ríkislögmann í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær, þar sem beið var niðurstöðu Félagsdóms um lögmæti ótímabundins verkfalls hjá Fjársýslunni. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

## Meta stöðuna eftir skýrslu landlæknis um áhrif aðgerða

Fulltrúar ríkis og BHM funda hjá ríkissáttasemjara í dag. Formaður samninganefndar BHM óttast ekki lög á verkfallið. Ríkisstjórnin bíður skýrslu landlæknis í vikunni um áhrif verkfalla á heilbrigðiskerfið áður en lagasetning kemur til greina.

**KJARAMÁL** Landlæknir kannar nú áhrif verkfallanna á heilbrigðiskerfi landsins og skilar samkvæmt heimildum blaðsins ríkisstjórninni skýrslu um stöðu mála í vikunni. Stjóðjast eigi við þau gögn við mat á því hvort grípa eigi til lagasetningar á verkfall BHM.

„Ég óttast ekki að ríkið setji lög á verkfallið,“ segir Páll Halldórsson, formaður samninganefndar BHM. „Ég geng út frá því að það verði samið og að þær viðurkenndu leikreglur samfélagsins verði virtar og að menn klári þetta með samningum,“ segir Páll og bætir við að síðast hafi fundi lokið með fororði um

að þegar næst yrði boðað til fundar hefði ríkið eitthvað fram að færa. „Fyrst sáttasemjari boðar til fundar í dag þá er líklega eitthvað nýtt á borðinu.“

Úrskurð Félagsdóms í gærkvöldi um að ekki hafi verið með réttum hætti tilkynnt um verkfall Félags háskólamenntaðra starfsmanna Stjórnarráðsins hjá Fjársýslu ríkisins og ótímabundið verkfall þeirra frá og með deginum í dag því ólög-mætt, segir Páll engu breyta um þá stöðu sem uppi sé. „Verkfall stendur enn yfir og mikilvægt er að ná samningum sem fyrst.“

Gunnar Björnsson, formaður



**GUNNAR BJÖRNSSON**

færa er túlkun Páls á síðasta fundi, en sáttasemjari orðaði það ekki þannig,“ segir hann og kveðst mæta bjartýsni til fundar. Um leið segist hann vona að BHM komi með eitthvað nýtt að borðinu. „Það þurfa

samninganefndar ríkisins, segir ekki Páls að ákveða hvort eitthvað nýtt komi fram af hálfu samninganefndar ríkisins. „Að ekki yrði fundur nema ríkið hefði eitthvað fram að

báðir að leggja sitt af mörkum. Það þarf tvo til að semja.“

Ekkert liggur hins vegar enn fyrir um skattkerfisbreytingar ríkisins til að liðka fyrir samningum. „Það er búið að vera spjall í gangi við aðila vinnumarkaðarins og ríkisins. Ég get þó ekki staðfest neitt fast og það er ekkert sem ég get sagt frá,“ segir Jóhannes Þór Skúlason, aðstoðarmaður forsætisráðherra. Þá hefur Vigdís Hauksdóttir, formaður fjárlaganefndar, ekkert heyrt um slíkar áætlanir. „Það má þó ekki gera nein- ar breytingar á skattakerfinu nema þingið komi að því eftir stjórnskipun okkar,“ segir hún. - ngy / sjá síðu 6

**SNIGLAGEL**

dregur úr hrukkum, örur og bólum.

Fæst í Heilsuhúsinu og Fjarðarkaup

## Veiðimálastofnun og Fiskistofa búa veiðimenn undir eldislax í laxveiðiám: Búa sig undir að eldislax sleppi

**NÁTTÚRA** Vegna stóraukins laxeldis í sjókvíum hér við land hafa Veiðimálastofnun og Fiskistofa sett saman myndefni fyrir laxveiðimenn svo þeir geti gengið úr skugga um hvort afli þeirra er villtur lax eða eldisfiskur.

Undirliggjandi er hættan á að íslenski laxastofninn blandist eldislaxi af kynbættu norsku eldis-kyni, eins og kemur fram í frétt frá Veiðimálastofnun, og nauðsyn þess að upplýsingar berist um slíkt.

„Ef það gerist [lax sleppur úr kví] geta eldislaxar gengið í ár og blandast íslenskum laxi og þar með haft áhrif á erfðir og aðlögunarhæfni villtra laxastofna. Mikilvægt er að veiðimenn séu vakandi fyrir því hvort eldislaxar



veiðast í ám en oft má þekkja þá frá villtum löxum á útlitseinkennum en einnig með því að greina uppruna þeirra með greiningu á hreistri og með greiningu erfðafnis,“ segir í fréttinni.

Veiðimálastofnun og Fiskistofa segja að það sé mikilvægt ef eldislaxar veiðast að veiðimenn geri Veiðimálastofnun og/eða Fiskistofu viðvart.

**ELDISLAX**  
Oft kubbslegir, uggar og sporður eyddir eða rifnir.  
MYND/SIGURJÓN

Kringlan


KRINGLU KAST

SÍÐASTI DAGURINN

20% TIL 50%

NÝJAR VÖRUR Á AFSLÆTTI

VEÐUR



Norðaustan 8-15 m/s í dag. Víða léttskýjað á Suðvestur- og Vesturlandi. Skýjað veður fyrir norðan og austan og þar gengur á með eljum. Hiti svipaður og í gær.

SIÐA SÍÐU 18

# Stúlkurnar, sem liðsmenn Boko Haram rændu, mæta fordómum: Margar hafa hrakist að heiman

**NÍGERÍA** Sumar þeirra stúlkna, sem liðsmenn Boko Haram rændu í Borno-héraði í Nígeríu, hafa flúið að heiman eftir að þeim var bjargað úr haldi hryðjuverkasamtakanna.

Þær mæta margar hverjar miklum fordómum af hálfu fjölskyldu sinnar og nágretta eftir að hafa mánuðum saman sætt misþyrmingum og jafnvel nauðgunum af hálfu vígasveitanna.

Að sögn AP-fréttastofunnar segist meira að segja Kashim Shettima, héraðsstjórinn í Borno, óttast

að stúlkurnar, sem liðsmenn Boko Haram nauðguðu, beri nú undir belti börn sem verði hryðjuverkamenn. Hætt sé við því að stúlkurnar vilji ekki sjá börnin eftir að þau fæðast, og þau alist því upp án stuðnings af ættingjum og „erfi“ þess vegna með einhverjum hætti hugmyndafræði fedra sinna.

Mannréttindasamtök gagnrýna málflutning héraðsstjórans og segja stúlkurnar nauðsynlega þurfa á stuðningi samfélagsins að halda.



**TÓKST AÐ SLEPPA** Meira en 300 stúlkum var rænt af Boko Haram snemma á síðasta ári. NORDICPHOTOS/AFP

# Barn varð fyrir bíl í Kópavogi: Haldið sofandi í öndunarvél

**SLYS** Barn sem ekið var á við verslun Krónunnar í Kórahverfinu í Kópavogi á laugardagskvöld er alvarlega slasað og því enn haldið sofandi á gjörgæsludeild Landspítalans. Vaktlæknir sagði líðan barnsins stöðuga síðdegis í gær.

Talið er að ökumaður hafi misst stjórn á bifreið sinni með þeim afleiðingum að ekið var á barnið, en það varð á milli bílsins og verslunarhúsnæðisins.



**VIÐ KREMLARMÚRA** Vladimir Pútín Rússlandsforseti og Angela Merkel Þýskalandskanslari ganga að gróf óþekkta hermansins í Moskvu. NORDICPHOTOS/AFP

## Merkel Þýskalandskanslari heimsótti Pútín í Moskvu í gær: Vill að Pútín beiti sér meira

**RÚSSLAND** Angela Merkel Þýskalandskanslari var eini vestræni þjóðarleiðtoginn sem hélt í heimsókn til Moskvu um helgina að taka þátt í hátíðarhöldum í tilefni þess að 70 ár eru liðin frá lokum seinni heimsstyrjaldarinnar.

Pútín sagði við þækifæri að Þjóðverjar væru vinabjód Rússa. Merkel reyndi hins vegar að fá Pútín til þess að gera meira til þess að koma á friði í Úkraínu.

„Það er ekkert vopnahlé þar ennþá,“ sagði hún. „Mörg brot eru framin af hálfu aðskilnaðarsinna.“ - gb

## Hættir að eigin ósk: Sjálfstætt fólk á enda runnið

**SAMFÉLAG** „Öllu er afmörkuð stund og sérhver hlutur hefur sinn tíma,“ segir sjónvarpsmaðurinn Jón Ársæll Þórðarson, en ein langlífasta þáttaröð í íslensku sjónvarpi, Sjálfstætt fólk með Jóni Ársæli, er nú á enda runnin. Síðasti þátturinn var sýndur í gær. Þá heimsótti Jón Ársæll Róbert Guðfinnsson athafnamann á Siglufirði.

Í tilkynningu frá Stöð 2 kemur fram að um sameiginlega ákvörðun Jóns Ársæls og Stöðvar 2 sé að ræða. Þátturinn hefur verið á dagskrá undanfarin fjórtán ár. - ktđ

## Norðfjarðargöng lengjast: Búið að grafa 6,4 kílómetra

**SAMGÖNGUR** Verktakar í Norðfjarðargöngum hafa lokið við að grafa 6.397 metra eða 84,6 prósent af heildarlengd þeirra. Eftir er að grafa 1.164 metra frá Eskifirði.

Hafist var handa í nóvember 2013 en í síðustu viku voru grafnir tæpir 67 metrar. Áætlað er að alls verði grafnir 7.542 metrar en steyptr vegskálar verða 366 metrar. Gegnumbrot gæti orðið snemma árs 2016. Þá tekur við vinna við lokastyrkingar, klæðingar, vegagerð og raflagnir auk þess sem smíða þarf vegskála. Opna á göngin haustið 2017. - shá

# Alvarlegt að bjóða ekki sálfræðiaðstoð

Skólameistari Verkmenntaskólans á Akureyri segir sálfræðipjónustu skólans komna til að vera þrátt fyrir kostnað. Hefur góð áhrif á skólabrag og minnkar brottfall. Að nýta þjónustu sálfræðingsins er ekkert feimnismál meðal nemenda.

**MENNTAMÁL** „Það er hægt að mæla árangurinn í tölum, en líka í því að fleiri nemendum líður vel. Þetta hefur góð áhrif á skólabraginn,“ segir Hjalti Jón Sveinsson, skólameistari Verkmenntaskólans á Akureyri (VMA), spurður um þá ákvörðun skólans að hafa sálfræðing í starfslíði skólans, en um einsdæmi er að ræða í íslenskum framhaldsskólum.

Um nokkurt skeið hefur Kristrún Birgisdóttir, sérfræðingur hjá Námsmatsstofnun, hvatt til samvinnu á milli mennta-, heilbrigðis-, og velferðarkerfisins til að takast á við að minnka brottþvarf frá námi og segir hún að styðja þurfi fjárhagslega við bakið á þeim skólum sem taka við nemum í hvað mestri brottþvarfshættu.

Þetta er þriðji veturinn sem boðið er upp á þessa þjónustu í VMA en sálfræðingur skólans er í 60% starfi. Framtíðaráætlanir gera ráð fyrir að verkefninu verði haldið áfram, þó verið sé að glíma við erfiðan rekstur í VMA eins og öðrum framhaldsskólum. „Við bættum sálfræðingnum við til að auka stöðþjónustu við nemendur, og það að gefnu tilefni. Ýmis vandamál nemenda, ekki síst andleg vanlíðan, voru sífellt meira að koma inn á borð námsráðgjafanna. Sem ég held að sé tilfellið í flestum framhaldsskólunum,“ segir Hjalti og bætir við að um gæfuspor hafi verið að ræða enda mikið sótt í þetta úrræði af nemendum. Bæði er um einstaklingsviðtöl að ræða og hópstarf í hugrænni atferlismeðferð.

EKKI er gert ráð fyrir sálfræð-



**VMA** Hlutfallslega færri hætta námi í VMA en í öðrum framhaldsskólum. FRÉTTABLAÐIÐ/AUDUNN

## 30 framhaldsskólar án skólasálfræðings

Ný skýrsla Námsmatsstofnunar sýnir svart á hvítu að andleg vanlíðan nemenda er ein meginorsök brottfalls úr skóla. Þeim fjölga sem gefa upp þessa ástæðu fyrir brottþvarfi sínu, en 97 nemar nefndu andlega vanlíðan sem ástæðu þess að þeir hættu í skóla á síðustu haustönn.

Kristrún Birgisdóttir, sérfræðingur hjá Námsmatsstofnun, annast rannsóknina. Hún skrifar í niðurstöðum skýrslunnar að nauðsynlegt sé að bregðast strax við – og spyr hversu vel skólarinn sé tilbúinn til að takast á við þennan vanda, enda 30 skólar sem rannsóknin nær til sem hafa ekki farið að dæmi VMA. Það þýðir auðvitað ekki að úrræði séu ekki í boði en aðstoð er sótt út fyrir vegg skólanna.



**HJALTI JÓN SVEINSSON**

ingi í rekstrar- móteli skólanna í dag, og Hjalti segir það mjög alvarlegt. „Ég hef oft haft á orði að við eigum ekki aðeins að tryggja nemendum líkamlega

heilsugæslu heldur ekki síður andlega. Það er mjög margvætt sem þessir krakkar eru að glíma við,“ segir Hjalti og nefnir erfið ár frá hruni í því samhengi. Einnig nefnir Hjalti nýja stöðu sem komin er upp með samfélagsmiðlunum, og dökkum hliðum þeirra eins og einelti og fleira.

svavar@frettabladid.is

# Héraðsbúar vilja meira fé frá ríkinu til plöntuframleiðslu og gróðursetningar: Skógrækt á undir högg að sækja

**UMHVERFISMÁL** Bæjarstjórn Fljótshálsbæjar segir skógrækt eiga undir högg að sækja og því sé mjög mikilvægt að ríkið veiti strax meira fé til plöntuframleiðslu og gróðursetningar svo staðið verði við gerða samninga og ræktunaráætlanir.

„Landsframleiðsla á skógarplöntum hefur hrapað úr rúmlega sex milljón plöntum niður í um þrjár milljónir plantna. Samdrátturinn hefur sett rekstur gróðrarstöðva í uppnám og er nú svo komið að flestar eiga í töluverðum rekstrarerfiðleikum og sumar hafa þegar hætt störfum,“ segir í bókun bæjarstjórnarinnar sem kveður skógrækt mikilvæga atvinnugrein á Fljótshálsbæjar. Þá segir að undanfarin ár hafi fjárveitingar til skógræktar minnkað. „Þetta hefur valdið því að ársverkum í gróðrarstöðvum hefur fækkað verulega og verktökum fækkað í gróðursetningu og girðingavinnu. Þessi mikli samdráttur á framleiðslu skógarplantna undanfarin ár mun hafa alvarleg áhrif á afkomu hinna ýmsu greina sem byggja afkomu sína á skógrækt og skógarvinnslu.“



**SKÓGARHÖGG** Á Hallormsstað hefur verið umfangsmikil starfsemi á vegum Skógræktar ríkisins. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Ókeypis heyrnarmæling síðan 2004

## Snjallara heyrnartæki

Nýja Beltone **First** heyrnartækið tengist þráðlaust beint í **iPhone**, **iPad** og **iPod touch**. Pantaðu ókeypis heyrnarmælingu í síma **568 7777** og fáðu heyrnartæki lánað til reynslu.

heyrnarstodin.is **HEYRNARSTÖÐIN**

Beltone First gengur með iPhone 5s, iPhone 5c, iPhone 5, iPad Air, iPad (4. kynslóð), iPad mini með Retina, iPad mini og iPod touch (5. kynslóð) með iOS eða nýrri stýrikerfi. Apple, iPhone, iPad og iPod touch eru vörumerki sem tilheyra Apple Inc, skráð í Bandaríkjunum og öðrum löndum.

# DREGIÐ Á MORGUN!



## Viltu vinna íbúð?

6 íbúðavinningar á happdrættisárinu  
að verðmæti 30 milljónir hver!

- **Nýtt happdrættisár framundan með enn glæsilegri skattfrjálsum vinningum**
  - Sex 30 milljóna króna vinningar á tvöfaldan miða eða 15 milljónir króna á einfaldan miða

Drögum út 51 þúsund vinninga á árinu.  
Heildarverðmæti vinninga er rúmur milljarður.

Miðaverð 1.500 kr. á mánuði fyrir einfaldan miða  
og 3.000 kr. fyrir tvöfaldan miða.

Kauptu miða á [www.das.is](http://www.das.is)  
eða í síma 561 7757.



Fylgstu með okkur á Facebook

DAS-húsið 1971 - Aðalvinningur Reynilundi í Garðabæ



DREGIÐ Í HVERRI VIKU

**SPURNING DAGSINS**



Gunnhildur, genguð þið fram af fólki um helgina?

„Nei aldeilis ekki. Við göngum einfaldlega aldrei of langt.“

Gunnhildur Óskarsdóttir, formaður samtakanna Göngum saman sem gengu í gær um land allt til styrktar rannsóknum á brjóstakrabbameini.

Stefnt er að því að breyta greiðslufyrirkomulagi á hjúkrunarheimilum aldraðra:

# Leggja á niður vasapeningakerfi aldraðra

**STJÓRN MÁL** Guðrún Einarsdóttir, 82 ára ellilífeyrisþegi sem hefur barist fyrir betri kjörum eldri borgara, fagnar því að stefnt er að því að setja í gang tilraunaverkefni til að innleiða breytingar á greiðslufyrirkomulagi vegna búsetu fólks á dvalar- og hjúkrunarheimilum.

Guðrún gerði sér ferð í velferðarráðuneytið í síðustu viku með vinsamlega áminningu til ráðherra vegna svokallaðs vasapeningakerfis sem hún telur brjóta á öldruðum.

„Ég er virkilega ánægð að heyra að ráðherra ætla að láta til sín taka, þetta er bara byrjunin,“ segir Guðrún, en hún vill líka fá sérstakan umboðsmann aldraða.



**GUÐRÚN EINARSDÓTTIR**

Eygló Harðardóttir félagsmálaráðherra segist binda vonir við að hægt verði að taka upp breytt kerfi áður en langt um líður, en til umræðu sé að prófa það fyrst sem tilraunaverkefni. Þetta kom fram í ávarpi hennar á á landsfundi Landssambands eldri borgara.

Hugmyndin miðar að því að leggja niður vasapeningakerfið og auka þannig sjálfræði aldraðra. Einstaklingar greiði milliliðalaust fyrir þjónustu sem þeir fá á hjúkrunarheimilum að undanskilinni heilbrigðis-



**TILRAUNAVERKEFNI**  
Eygló Harðardóttir hélt nýverið ræðu á landsfundi Landssambands eldri borgara.

þjónustu og annarri umönnun. Einnig er gert ráð fyrir húsaleigukostnaði sem tæki mið af stærð og gæðum húsnæðisins sem og tekju- og eignastöðu viðkomandi.  
-vh/kbg



Í GNOÐARVOGI Íbúar vilja ekki að endi götunnar verði opnaður. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

## Mótmælaalda í Gnoðarvogi: Breytingar við Steinahlíð í salt

**SKIPULAGSMÁL** „Á auglýsingatíma komu fram fjölmargar neikvæðar athugasemdir íbúa og er því ljóst að málið þarfnast betri skoðunar og rýni,“ segir meirihlutinn í skipulagsráði Reykjavíkurborgar vegna hugmynda um nýja aðkomu að leikskólanum Steinahlíð.

Lagt var til að ekið yrði að leikskólanum um Gnoðarvog en ekki frá Suðurlandsbraut eins og nú er. Fjölmörg mótmæli bárust og er nú ætlunin að halda fund með íbúum „þar sem framlagt skipulag verði rætt og aðrir möguleikar skoðaðir“, eins og segir í bókun meirihlutans.  
-gar

## Fréttir sagðar einhliða: Sjá pólitískan halla á vefnum

**STJÓRN MÁL** „Í mínum huga hefur vefurinn verið upplýsingavefur fyrir bæjarbúa en ekki miðill fyrir meiri- eða minnihluta bæjarstjórnar,“ segir Gunnar Axel Axelsson, bæjarfulltrúi Samfylkingarinnar í Hafnarfirði.

Minnihluti bæjarráðs Hafnarfjarðar telur að vefsíða bæjarins sé nýtt sem einhliða málagn meirihlutans. Þetta kemur fram í fyrirspurn fulltrúa Samfylkingarinnar og Vinstri grænna í bæjarráði Hafnarfjarðar fyrir helgi.

Meirihlutinn segir engar breytingar hafa orðið á reglum um notkun vefsíðu bæjarins og að nýr vefur sé í bígerð.  
-sfs

# Spyrja hvers vegna borgarstjórinn hlusti ekki á þau

Umhverfsvaktin við Hvalfjörð segir kísilverksmiðju Silicor tilraun í lífríkinu og vill að stjórn Faxaflóahafna svari hvort það sé forsvaranlegt. Vilja vita hvers vegna borgarstjóri hafi ekki gefið sér tíma til að hlusta á rök þeirra.

**UMHVERFISMÁL** „Finnst forsvarsmönnum Faxaflóahafna réttlæt看legt að sannreyna tilraunastarfsemi Silicor Materials á náttúru og lífríki Hvalfjarðar?“ spyr Umhverfsvaktin við Hvalfjörð í bréfi sem stjórn Faxaflóahafna tók fyrir á föstudag.

Í bréfi sínu spyr Umhverfsvaktin um væntanlega starfsemi kanadíska fyrirtækisins Silicor Materials.

„Á Grundartanga er stefnt að því að stórauka framleiðslu sem hefur aðeins verið á tilraunastigi í tvö ár, en það er of stuttur tími til að sannreyna ferlið. Hefur verið gerð áhættugreining vegna fyrirhugaðrar framkvæmdar og starfsemi?“ spyr Umhverfsvaktin og bendir á að Silicor Materials sé ungt fyrirtæki með nýja tækni við hreinsun kísils.

„Einungis hafa verið framleidd 5-700 tonn af hreinum kísil með hinni nýju aðferð Silicor Materials í Kanada. Áætluð ársframleiðsla Silicor Materials á Grundartanga er um 19.000 tonn. Mjög lítil reynsla er komin á framleiðsluna,“ segir Umhverfsvaktin og spyr hvort Faxaflóahafnir hafi fengið ráðgjöf aðila sem hafa starfað fyrir Silicor Materials á Íslandi.

„Hvaða stöðu og sérþekkingu hefur ráðgjafar fyrirtækið VSÓ og aðrir sem hafa lagt mat á fyrirhugaða starfsemi Silicor Materials á Íslandi, til að leggja óháð mat byggt á sérfræðiþekkingu á starfsemi verksmiðjunnar?“ spyr Umhverfsvaktin. VSÓ hafi verið álitsgjafi Reykjavíkurborgar varðandi Hellsisheidarvirkjun þar sem umdeild tilraunastarfsemi valdi vand-



Í HVALFIRÐI „Gríðarleg hávaða- og sjónmengun er nú þegar frá Grundartanga. Tilkoma Silicor Materials mun gera hana langt um verri,“ segir Umhverfsvaktin við Hvalfjörð í bréfi til Faxaflóahafna.  
FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**DAGUR B. EGGERTSSON**

athugasemdir og spurningar eru í bréfinu. „Þegar talað er um „óverulega mengun“ er meðal annars átt við um 60 tonn af ryki sem fari árlega út í andrúmsloftið frá fyrirhugaðri verksmiðju

ræðum. „Er ekki hægt að læra eitthvað af Hellsisheidarvirkjun og núverandi stöðu mengunarmála vegna stóriðju á Grundartanga?“

Margar fleiri athugasemdir og spurningar eru í bréfinu. „Þegar talað er um „óverulega mengun“ er meðal annars átt við um 60 tonn af ryki sem fari árlega út í andrúmsloftið frá fyrirhugaðri verksmiðju

Silicor Materials. Hvaða eiturefni munu verða í þessu „ryki“ og í hvaða magni?“ er meðal annars spurt.

Þá segir að mikill hraði hafi verið á málinu. Stjórn Umhverfsvaktarinnar hafi hitt Dag B. Eggertsson borgarstjóra vegna málsins 31. mars og lýst áhyggjum. „Innan örskamms tíma var skrifað undir samninga við Silicor. Borgarstjórinn gaf sér ekki tíma til að hlusta á rök okkar. Hvers vegna?“ spyr Umhverfsvaktin.

Stjórn Faxaflóahafna samþykkti að fela Gísla Gíslasyni hafnarstjóra að svara bréfinu.

→ Er ekki hægt að læra eitthvað af Hellsisheidarvirkjun og núverandi stöðu mengunarmála vegna stóriðju á Grundartanga?

Umhverfsvaktin við Hvalfjörð.

Bæði Umhverfisstofnun og talsmenn Silicor hafa fullyrt að engin mengun verði af kísilverksmiðju fyrirtækisins.

gar@frettabladid.is

Snorri Baldursson kosinn formaður Landverndar á aðalfundi um helgina:

## Vilja að miðhálandið verði friðað

**LANDVERND** „Það eru svo mörg góð verkefni sem Landvernd hefur verið að vinna að og ég mun ekki breyta um stefnu. Þó er alveg möguleiki að með tímanum verði einhverjar nýjar áherslur,“ segir Snorri Baldursson nýr formaður Landverndar.

Snorri tekur við af Guðmundi Herði Guðmundssyni sem formaður Landverndar. Snorri var kosinn formaður á aðalfundi samtakanna sem fram fór á laugardag. Guðmundur Hörður hefur leitt samtökin síðan 2011.

„Það er á nægu að taka og

munum við stjórnin hittast fljótlega og fara yfir málin,“ segir Snorri, sega er líffræðingur að mennt, og hefur meðal annars getið sér gott orð sem rithöfundur. Bók hans, Lífríki Íslands, hlaut íslensku bókmenntaverðlaunin 2014.

Auk formannskjörsins voru fimm ályktanir samþykktar á fundinum. Skoraði aðalfundurinn á stjórnvöld að hefja vinnu við friðun miðhálandisins með stofnun þjóðgarðs. Að auki var þingsályktunartillögu atvinnuveganefndar Alþingis harðlega mótmælt á fundinum, en hún snýr að færslu fimm virkjanahugmynda úr biðflokki í orkunýtingarflokk rammaáætlunar án þess þó að fullnægjandi umfjöllun hafi átt sér stað.

Einnig var krafist frekari rannsókna á áhrifum ferðamanna á nátt-



„Það er á nægu að taka og munum við stjórnin hittast fljótlega og fara yfir málin.“

Snorri Baldursson nýkjörinn formaður Landverndar.

úrperlur landsins auk þess sem krafa var gerð um aukna landvörslu og að gæði yrðu tryggð í uppbyggingu innviða á ferðamannstöðum.

Skoraði aðalfundurinn jafnframt á stjórnvöld að tryggja vernd Jökulsárlóns og Breiðamerkursöðum og lögðu til að skoðað yrði hvort fótur væri fyrir að svæðið yrði hluti af Vatnajökulsþjóðgarði.  
-ga




**Par sem ferðalagið byrjar**

Korputorg  
112 Reykjavík  
Sími 551 5600  
utilegumadurinn.is



**Útilegu maðurinn**  
SEGLAGERÐIN ÆGIR

Opíð mán-fös kl. 10-18 - lau-sun kl. 12-16



## Komdu og fagnaðu með okkur í dag

Í dag, mánudaginn 11. maí, opnum við glæsilegt útibú á Fiskislóð 10 og bjóðum til innflutningsfagnaðar á nýja staðnum.

Auk þess að sýna nýja húsnæðið bjóðum við upp á fjölbreytta dagskrá og skemmtun allan daginn:

- Kaffibarbjónn frá **Kaffitári** sér um hressingu
- **Hamborgarabúllan** grillar fyrir gesti milli kl. 12 og 13
- **Ís og lukkuhjól** fyrir börnin
- Börkur og Daði úr **Mono Town** spila í hádeginu

Við hlökkum til að sjá þig!  
Starfsfólk Íslandsbanka á Grandu





## NOKKRAR STÆRÐIR TENGDAR VERKFALLSAÐGERÐUM OG KJARABARÁTTU

### 5 VIKUR

verða á morgun liðnar frá því að fyrstu verkföll hófust hjá aðildarfélagum Bandalags háskólanna.




80%

félagsmanna FHSS sem starfa hjá Fjársýslu ríkisins greiddu atkvæði með því að í dag hæfist hjá þeim ótímabundið verkfall, en Félagsdómur sagði í gær ólöglega til þess boðað

120 svínum

átti að slátra hjá tveimur svínabúum eftir að undanþágur fékkst til þess hjá dýralæknum fyrir helgi.



70.000 MANNNS VERÐA Í VERKFÖLLUM

komi til allra þeirra aðgerða sem í pípunum eru fyrir lok þessa mánaðar. Yrðu það einhver víðtækustu verkföll sem hér hafa verið svo áratugum skipti.

1.500

fyrirtæki á landsbyggðinni eru talin hafa orðið fyrir áhrifum eða skakkaföllum vegna verkfallsaðgerða Starfsgreinasambandsins. Þar eru næstu aðgerðir 20. og 21. þessa mánaðar.



7 DAGAR eru þar til niðurstaða

Á SÍÐASTA LAGI AÐ LIGGJA FYRIR í atkvæðagreiðslu Flóa-bandalagsins um vinnustöðvun og skipulag verkfallsaðgerða.



**KRABBAMEINSFÉLAGIÐ** Aðalfundur Krabbameinsfélagsins lýsti um helgina þungum áhyggjum vegna þess hvernig yfirstandandi vinnudeilur ógni heilsu sjúklinga.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## VERKFALLSAÐGERÐIR Í GANGI

### BANDALAG HÁSKÓLAMANNA (BHM)

Ótímabundið verkfall hjá hluta aðildarféлага | Stundur enn yfir

Í DAG ER 35. DAGUR Í VERKFALLI FIMM PEIRRA:

- Félag geislafræðinga** Meðal annars áhrif á starfsemi Landspítalans. Ekki er hægt að framkvæma margvíslegar rannsóknir sem krefjast röntgenmyndatöku.
- Félag lífeindafræðinga** Áhrif á framkvæmd rannsókna á Landspítalanum. Lífeindafræðingar starfa á rannsóknastofum sjúkrahúsa og fyrirtækja í erfðagreiningu og lyfjáiðnaði, auk stofnana sem þjóna landbúnaði.
- Félag íslenskra náttúrufræðinga á Landspítala** Koma að frumu- og sameindalíffræði, eðlis- og efnafræði, lífeðlis- og lífefnafræði, erfðafræði og líftækni, örveru- og veirufræði, ónæmisfræði, blóðbankafræði, vefjafræði, meinafræði, faraldsfræði, tölfræði og kerfislíffræði.
- Ljósmeðrafélag Íslands á Landspítala** | P.R.I., MIÐ. OG FIM. Raskar starfi kvennadeildar, en undanþágur hafa verið veittar, svo sem vegna keisaraskurðaðgerða.
- Stéttarfélag lögfræðinga hjá Sýslumanninum á höfuðborgarsvæðinu** Ekki er hægt að ganga frá alls kyns opinberum skiptum, gjaldþrota- eða skiptum dánarbúa, skilnuðum, hjónavígslum og fleiri hlutum.
- Ljósmeðrafélag Íslands á Sjúkrahúsinu á Akureyri** Ótímabundið verkfall hófst 9. apríl. Verkfall á mánudögum og fimmtudögum. Aðgerðir eru því á 33. degi.

### VERKFALLI HJÁ EFTIRTÖLDUM FÉLÖGUM FRÁ 20. APRÍL

- Félag íslenskra náttúrufræðinga á Matvælastofnun** Meðal annars áhrif á eftirlit með plöntuheilbrigði, matvælaöryggi og neytendavernd.
- Stéttarfélag háskólanna á matvæla- og næringarsviði á Matvælastofnun** Raskar margvíslegu eftirliti og rannsóknum.
- Dýralæknafélag Íslands** Stórfelld áhrif á matvælaframleiðslu. Uppáskrift dýralækna og eftirlit þarf við slátrun og einnig vegna innflutnings.

# Segir undanþágur veittar eftir þörfum

Félag geislafræðinga áréttar að undanþágur séu veittar í verkfalli þeirra. Forstjóri Landspítalans og landlæknir hafa sagt að öryggi sjúklinga sé teflt í hættu. Félag lífeindafræðinga harmar árásir á geislafræðinga í lögmeðu verkfalli þeirra.

**KJARAMÁL** „Við erum í löglegu verkfalli. Við erum tilbúin til að koma að og finna leiðir og höfum gert það ítrekað. Við höfum bent á lausnir, við höfum unnið á kúfum á spítalanum með okkar leiðum. Svo hverfa menn alltaf frá því aftur virðist vera. Við veitum undanþágur. Ég veit eiginlega ekki hvað meira við getum lagt af mörkum,“ segir Katrín Sigurðardóttir, formaður Félags geislafræðinga.

Með orðum sínum bregst hún við ummælum forstjóra Landspítalans og landlæknis um helgina um að félagið stefni öryggi sjúklinga í hættu með aðgerðum sínum.

Katrín segist hins vegar vitanlega ekki hafa neinar forsendur til þess að fullyrða að öryggi allra sjúklinga verði tryggt.

Aðalfundur Krabbameinsfélagsins lýsti um helgina yfir þungum áhyggjum vegna þess hvernig yfirstandandi verkföll ógni heilsu sjúklinga. Fundurinn skoraði á deiluaðila að gera allt sem í þeirra valdi stæði til að tryggja samfellu í meðferð og þjónustu og draga þannig úr áhyggjum sjúklinga og fjölskyldna þeirra.

„Ef ástandið er óviðunandi er það ekki sök starfsmanns í lögmeðu verkfalli heldur þeirra sem sitja við stýrið,“ segir Gyða Hrönn Einarsdóttir, formaður Félags lífeindafræðinga. Hún segir Félag lífeindafræðinga harma árásir sem geislafræðingar í lögmeðu verkfalli verði fyrir. Undanþágulistar stofnana eigi að tryggja að neyðarþjónusta sé veitt og sú þjónusta hafi verið veitt af hálfu geislafræðinga.



**VIÐ RÖNTGENTÆKI Á LANDSPÍTALANUM** Katrín Sigurðardóttir, formaður Félags geislafræðinga, segir geislafræðinga í löglegu verkfalli og að undanþágur séu veittar.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Þá sendi BHM frá sér yfirlýsingu um helgina vegna umræðunnar þar sem áréttað var að BHM og aðildarfélag þess hefðu frá upphafi verkfalls lýst því yfir að tryggja þyrfti öryggi sjúklinga. Sú afstaða hefði ekki breyst. Undanþágur yrðu afgreiddar og bráðatilvikum sinnt. Þá benti félagið á að til þess að afstýra neyðarástandi þurfi samninganefnd ríkisins að ganga til samninga við aðildarfélag BHM.

- ngy

„Við höfum bent á lausnir, við höfum unnið á kúfum á spítalanum með okkar leiðum. Svo hverfa menn alltaf frá því aftur virðist vera. Við veitum undanþágur. Ég veit eiginlega ekki hvað meira við getum lagt af mörkum.“

Katrín Sigurðardóttir, formaður Félags geislafræðinga.

# Voltaren Gel

Nú í enn STÆRRI pakka og á betra verði!

Verkjastillandi og bólgueyðandi!



21% ↑ 9% ↑  
28% sparnaður\*


\* miðað við verð pr. gramm



Inniheldur: 11,6 mg af díklofenakvítylamíni. Ábendingar: Staðbundnir bólgukvílar. Skammtar og lyfjagjöf Fullorðnir og börn 14 ára og eldri: 2-4 g af hlaupi borið á aumt svæði 3-4 sinnum á sólarhring. Mælt er með handþvotti eftir notkun, nema verið sé að meðhöndla hendur. Eit meðhöndla á bráð, minniháttar meðhöndlingu Voltaren lengur en 7 daga án samráðs við lækni. Hálið samband við lækni ef einhverri eru viðvarandi eða versna eflir meðferð í 7 sólarhringa. Frábendingar: Ónæmi fyrir einhverju innihaldsefnum, asetylsalísílsýru og öðrum bólgueyðandi gigtarlyfjum (NSAID). Sjúklingar sem hafa fengið astma, ofsakiða eða bráða nefsilnubólgu af völdum asetylsalísílsýru eða annarra bólgueyðandi gigtarlyfja (NSAID) eiga ekki að nota lyfið. Má ekki nota á síðustu 3 mánuðum meðöngu. Má ekki nota handa börnum og unglingum 14 ára og yngri. Sérstök varnaráror: Má eingöngu bera á hella og heilbrigða húð og alls ekki á slímhúðir, augu, sár, exem, vessandi húðbólgu. Getur valdið húðertingu. Varast skal mikið sólarljós, notkun samhliða bólgueyðandi lyfjum eða að hylja notkunarsvæðið með loftþéttum umbúðum. Gaeta skal sérstakrar varúðar hjá öldruðum eða astma-/ónæmis-sjúklingum (hefur valdið berkjukrampa). Hætta á meðferð ef útbrot koma fram eftir notkun. Við notkun á stór húðsvæði eykst hættan á alitækum aukaverkunum, t.d. á niuru. Við brjóstgjöf eða meðöngu má eingöngu nota lyfið í samráði við lækni. Getur dregið úr frjósemi en þau áhrif ganga til baka. Lesið leiðbeiningar á umbúðum og í fylgiseðli fyrir notkun. Geymið þar sem börn horki ná til né sjá. Markaðsleyfis höf: Novartis Healthcare A/S. Umboð á Íslandi: Artasan ehf., Suðurrauni 12a, 210 Gardabæ.

# GEFÐU ÞÉR GÓÐAN TÍMA Í BIRMINGHAM

Verð frá **14.800\*** kr.



## Njóttu hvernar mínútu

Þú þarft ekki að skoða allar búðirnar í Bull Ring verslunarmiðstöðinni eða reyna að læra allt um Shakespeare á hálfum degi. Það sem skiptir máli er að njóta tímans. Lesa hægt. Horfa upp frekar en niður. Spegla sig í skrytnum arkitektúr. Rólta á milli bása á markaðnum og drekka í sig allt sem augað skynjar. Eiga gæðastundir og safna minningum sem lífa.

+ Bókaðu núna á [icelandair.is](http://icelandair.is)

 Vertu með okkur

**ICELANDAIR** 

\* Innifalið: Flug aðra leiðina og flugvallarskattar.  
Ferdátímabil: 11. maí – 17. desember. Sölutímabil: 10. apríl – 30. maí

## VEISTU SVARID?



1. Hvað er óvenjulegt í Hólavallagarði við Suðurgötu í Reykjavík?
2. Hver er sigurvegari bresku þingkosninganna?
3. Hvað varð um gamla veltibílinn?

SVÖR:

Hönnuð vinna var dýft í Sundahöfn. Cameron og breski Íhaldsflokkurinn. 3. David

Fagnað í Danmörku:

## Vilja nýja samninga

**DANMÖRK** Danski þjóðarflokkurinn fagnar kosningaúrslitunum í Bretlandi. Morten Messerschmidt, fulltrúi flokksins á Evrópuþinginu, segir að Danir eigi nú að vera í samfylgd með David Cameron í viðræðum við Evrópusambandið, ESB, fyrir þjóðaratkvæðagreiðsluna um áframhaldandi aðild sem Cameron lofaði að yrði haldin 2017.

Cameron vill meðal annars endurheimta yfirráð yfir stefnu í innflytjendamálum og breytt flæði milli ESB-landa.



MORTEN MESSERSCHMIDT

- ibs

## Skotar krefjast nú efnda

Ný stjórn breska Íhaldsflokksins er óðum að taka á sig mynd og móta verkefnalista. Nicola Sturgeon, leiðtogi Skoska þjóðarflokksins, krefst þess að rödd Skotlands fái að heyrast og loforð um aukid sjálfstæði verði efnd.

**BRETLAND** David Cameron, leiðtogi Íhaldsflokksins á Bretlandi, hefur nú um helgina unnið að því að raða í ráðherrastöður hinnar nýju stjórnar sinnar. Íhaldsflokkurinn vann hreinan meirihluta í þingkosningunum á fimmtudag og þarf því ekki lengur að styðjast við samstarfsflokk í samsteypustjórn.

Þar með getur flokkurinn óhindrað komið öllum helstu stefnumálum sínum í gegnum þingið, en þar á meðal má nefna þjóðaratkvæðagreiðslu um úrsögn Bretlands úr Evrópusambandinu.

Annað forgangspatriði flokksins verður að nema úr gildi Mannréttindalögin, sem sett voru árið 1998 til að innleiða Mannréttindasáttmála Evrópu. Í kosningastefnuskrá Íhaldsflokksins segir að þetta sé nauðsynlegt til þess að „skerða hlutverk Mannréttindadómstóls Evrópu, svo auðveldara verði að vísa útlendum glæpamönnum úr landi“.

Eitt af því sem ný ríkisstjórn þarf að takast á við strax næstu vikur og mánuði verða kröfur Skota um að staðið verði við þau loforð, sem stjórn Camerons gaf um að Skotar mundu fá meira sjálfstæði þótt þeir höfnuðu aðskilnaði frá Bretlandi í þjóðaratkvæðagreiðslunni síðastliðið haust. Skoski þjóðarflokkurinn mun vafalaust nota hina sterku stöðu sína nú til þess að knýja á um þetta.

„Rödd Skotlands verður að fá að heyrast, og núna er það verkefni þingmanna okkar sem voru

kosnir hingað að sjá til þess að svo verði,“ sagði Nicola Sturgeon, leiðtogi Skoska þjóðarflokksins, sem vann fordæmalausan kosningasigur í Skotlandi í síðustu viku og hlaut 56 af 59 þingsætum Skota á breska þinginu.

Sturgeon segir Skoska þjóðarflokkinn engan veginn geta látið sér nægja tillögur Smith-nefndarinnar svonefndu, sem strax í nóvember skilaði af sér hugmyndum um að skoska þingið fái fullt vald til þess að ákveða tekjuskattsprósentur og skattþrep, en fullt fullveldi í fjármálum er ekki í myndinni.

Reiknað er með því að David Mundell verði næsti Skotlands-málaráðherra í stjórn Camerons. Hann fái það verkefni að hrinda þessum tillögum í framkvæmd.

Í viðtali við breska útvarpið BBC vísar Sturgeon hins vegar í stefnuskrá flokksins, þar sem ótvírátt er tekið fram að Skotar eigi að taka fulla ábyrgð á fjármálum sínum.

„Auðvitað mun það taka nokkur ár í útfærslu,“ segir hún, en gerir skýrar kröfu um að þetta verði forgangsverkefni nýju stjórnarinnar í Bretlandi.

Hópur mótmælenda kom saman í miðborg London í gær, rétt við innganginn að Downing Street þar sem bústaður forsætisráðherra er. Til átaka kom við lögreglu og urðu að minnsta kosti fjórir fyrir meiðslum. Hátt í tuttugu manns voru handteknir.

gudsteinn@frettabladid.is



DAVID CAMERON Forsætisráðherra Bretlands á tali við Edward Bullock, 89 ára gamlan fyrrverandi herflugmann, á samkomu í gær þar sem þess var minnst að 70 ár eru liðin frá lokum seinni heimsstyrjaldarinnar.

NORDICPHOTOS/AFF



NICOLA STURGEON

Leiðtogi Skoska þjóðarflokksins fagnar sigri ásamt nýjum þingmönnum.

**Allt sem fyrirtækið þarf í einum pakka**

**FYRIRTÆKJALOUSNIR**

Net, borðsími, farsími og Office 365 frá 12.100 kr. á mánuði

Fyrirtækjapakki Símans inniheldur Internet, borðsíma- og farsímabjónustu, ásamt Office 365 skýþjónustu sem tryggir nýjustu útgáfur af forritum og aðgang að vinnuskjólum hvar sem er. Fullkomin yfirsýn og fyrirsjáanlegur rekstrarkostnaður með föstu mánaðargjaldi. Hafðu samband í síma 800 4000 eða 8004000@siminn.is eða kynntu þér Fyrirtækjapakkan á [siminn.is/fyrirtaekjapakkin](http://siminn.is/fyrirtaekjapakkin).

Þú getur meira með Fyrirtækjalausnum Símans







### Dalshraun 3

#### Skrifstofurými tilbúið til innréttinga

Fallegt 650 m<sup>2</sup> skrifstofurými í austurhluta 2. hæðar. Húsið er nýtt og Reitir munu innrétta rýmið í samráði við nýjan leigutaka. Næg bílastæði eru við húsið auk aðgangsstýrðs bílakjallara.



### Hátún 2b

#### Sérstætt skrifstofuhús

Vandað 648 m<sup>2</sup> skrifstofuhúsnæði til leigu á tveimur hæðum auk kjallara. Á báðum hæðum eru rúmgóð og björt opin rými með stórum gluggum auk skrifstofu- og fundaraðstöðu. Þægilegt aðgengi er að húsnæðinu og næg bílastæði.



### Fiskislóð 10

#### Skrifstofurými á 2. hæð

Vandað u.þ.b. 625 m<sup>2</sup> skrifstofurými til leigu á annarri hæð. Gert er ráð fyrir nýjum séringangi með lyftu á bakhlið hússins. Rýmið skiptist í opið rými, fundarherbergi, nokkrar lokaðar skrifstofur og rúmgóða starfsmannaáðstöðu.



### Höfðabakki 9

#### Skrifstofuhæð með útsýni

Endurnýjuð rúmlega 900 m<sup>2</sup> skrifstofuhæð með frábæru útsýni. Á hæðinni eru skrifstofur og opin rými ásamt eldhúsum og snyrtingum. Mögulegt er að leigja hálfa hæðina. Höfðabakki 9 er rekinn með vistvænum hætti með starfandi húsverði.

## TIL LEIGU

Myndir, teikningar og nánari upplýsingar má nálgast á [www.reitir.is](http://www.reitir.is) og hjá **Halldóri Jenssýni** sölustjóra í **840 2100** eða [halldor@reitir.is](mailto:halldor@reitir.is).

Kringlan 4–12

103 Reykjavík

[www.reitir.is](http://www.reitir.is)

575 9000

# REITIR

*Velkomin til starfa*



## Ársfundur 2015

Ársfundur Sameinaða lífeyrissjóðsins verður haldinn þriðjudaginn 12. maí nk., kl. 16.00 á Hilton Reykjavík Nordica, Suðurlandsbraut 2.

### Dagskrá

1. Almenn ársfundarstörf samkvæmt samþykktum sjóðsins
2. Tillögur um breytingar á samþykktum sjóðsins
2. Önnur mál löglega upp borin

Auk kjörinna fulltrúa eiga allir sjóðfélagar og réttshafar séreignarsparnaðar rétt til setu á fundinum.

Reykjavík, 28. apríl 2015  
Stjórn Sameinaða lífeyrissjóðsins

Hægt verður að fylgjast með beinni útsendingu frá fundinum á vefsíðu sjóðsins, [lifeyrir.is](http://lifeyrir.is)

Ársskýrsla 2014 og tillögur að breytingum á samþykktum má nálgast á [lifeyrir.is](http://lifeyrir.is)

Sundagörðum 2  
104 Reykjavík  
510 5000  
[lifeyrir.is](http://lifeyrir.is)



# Segir réttarkerfið hanga á horriminni

Varaformaður stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar segir ríkissaksóknara eiga erfitt með að sinna lögbundnu hlutverki sínu. Dómstólarnir séu svo fjársveltir að það sé ekki hægt að kaupa reiknivél fyrir dómara. Menn hreinlega hangi á horriminni.

**STJÓRNSÝSLA** Embætti ríkissaksóknara er svo fjárvana að því er ófært að sinna lögbundnum verkefnum sínum svo vel sé. Þetta segir Brynjar Níelsson, varaformaður stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar Alþingis. Nefndin hittist öðru sinni á föstudaginn til að ræða skýrslu Ríkisendurskoðunar um ríkissaksóknara. Í skýrslunni kemur fram að á undanförunum árum hafi málum sem koma til ákærumeðferðar hjá ríkissaksóknara fjölgað verulega og þau orðið flóknari en áður. Á hinn bóginn hafi fjárveitingar til embættisins ekki aukist að sama skapi. Ein afleiðing þessa sé að afgreiðslutími sakamála hjá embættinu hafi að meðaltali lengst verulega.

„En það er alltaf eins og það sé erfiðara að setja smáaura í þetta en allt annað,“ segir Brynjar. Menn geti sett peninga í önnur verkefni sem kosta jafnvel hundruð milljóna. Brynjar segir að miðað við þau kærumál sem berist ríkissaksóknara, og miðað við allt það eftirlits- hlutverk sem embættið á að hafa,

meðal annars með hlerunum og hlustunum og aðgerðum lögreglu, séu verkefni varla vinnandi fyrir embættið.

„Við vitum að mál eru að deyjja vegna tíma og það er búið að vera lengi. Og í raun og veru hefur embættið ekki sinnt þessu eftirlits- hlutverki sínu lengi,“ segir Brynjar. Menn hafi bara horft fram hjá því af því að embættið hafi náð að halda þokkalega utan um stóru málin. Hann segir að það þyrfti tiltölulega lítinn pening til að koma málum í lag hjá embættinu.

En hann segir að víðar sé pottur brotinn. „Ef menn horfa á dómskerfið í heild þá er þetta svo ódýrt hjá okkur miðað við annars staðar. Þó hafa menn náð að halda því skilvirku. En auðvitað er okkur miklu hættara við mistökum og einhverri vitleysu, sem má ekki gerast í þessu kerfi af því að þetta er þvílík grunnstoð,“ segir hann.

Brynjar segir að ríkissaksóknari sé ekki eini angri réttarkerfisins sem sé fjársveltur. Þeir dómstólar



Brynjar Níelsson, varaformaður stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar Alþingis.

Þú þarft að treysta því að fá gott fólk í þetta. Það er ekki sama hver vinnur þetta.

sem hann þekki til hafi ekki einu sinni efni á að kaupa reiknivél fyrir dómara. „Það er ekkert afgangsfyrir utan launin og húsnæðið. Og menn eru svolítið við frumstæðar aðstæður við þetta,“ segir hann. Hann leggur áherslu á að réttarkerfið sé kerfi sem ekki megi klikka. „Þú þarft að treysta því að fá gott fólk í þetta. Það er ekki sama hver vinnur þetta. Og þetta er auðvitað alveg gifurlega mikilvægt. En samt eru menn alltaf á horriminni og rúmlega það,“ segir Brynjar.

johnhakon@frettabladid.is



## Verkfallsboðun á almennum vinnumarkaði

# Póstatkvæðagreiðsla er hafin

Hjá Eflingu-stéttarfélagi er hafin allsherjar póstatkvæðagreiðsla sem nær til allra félagsmanna sem vinna samkvæmt aðalkjarasamningi Eflingar við Samtök atvinnulífsins fyrir störf á almennum vinnumarkaði. Einnig er hafin póstatkvæðagreiðsla sem nær til allra félagsmanna sem vinna undir kjarasamningi Eflingar við SA vegna Hótela og veitingahúsa.

Atkvæðisrétt eiga allir félagsmenn sem vinna eftir þessum samningum Eflingar-stéttarfélags í mars/apríl 2015.

Kjörgögn og kynningarefni hefur verið sent út samkvæmt kjörskrá.

Fái einhver sem telur sig eiga atkvæðisrétt ekki send kjörgögn, getur viðkomandi snúið sér til skrifstofu Eflingar Guðrúnartúni 1 105 Reykjavík og fengið sig færðan á kjörskrá og greitt atkvæði, enda leggi viðkomandi fram launaseðil/gögn sem metin eru fullnægjandi, sem sanni að hann eigi atkvæðisrétt.

Tekið er við kjörskrákærum samkvæmt framansögðu til kl. 12.00 miðvikudaginn 20. maí en þá lýkur atkvæðagreiðslu um verkfallsboðun.

**Athugið.** Til þess að tryggt sé að atkvæðið berist kjörstjórn fyrir lok tímabrests þá er nauðsynlegt að pósthleggjja svarumslagið í síðasta lagi fyrir hádegi mánudaginn 18. maí.

Peir sem það vilja geta skilað svarumslaginu á skrifstofu Eflingar til kl. 12.00 miðvikudaginn 20. maí.

Reykjavík, 7. maí 2015.

Kjörstjórn  
Eflingar- stéttarfélags



IÐNSKÓLINN Í HAFNARFIRÐI Bæjarráð ítrekar að ráðherra svari spurningum um iðnnám í Hafnarfirði sem bæjaryfirvöld hafa sent honum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Bæjarráð leitar lögfræðiálits út af lokun iðnskóla:

## Efast um lögmæti ákvörðunar ráðherra

**MENNTAMÁL** Fulltrúar bæjarráðs Hafnarfjarðar efast um lögmæti ákvörðunar Illuga Gunnarssonar, mennta- og menningarmálaráðherra, um að sameina Tækniskólann – skóla atvinnulífsins og Iðnskólann í Hafnarfirði. Hefur ráðið falið bæjarstjóra að óska eftir álit lögfræðings á lögmæti ákvörðunarinnar.

Stefnt er að sameiningu Tækniskólans – skóla atvinnulífsins og Iðnskólans í Hafnarfirði á næstu misserum og er unnið að sameiningunni þannig að Iðnskólinn rennur inn í Tækniskólann.

Fulltrúar stjórnvalda í Hafnarfirði óttast að með sameiningunni verði iðnnám í Hafnarfirði hvorki fugl né fiskur og verið sé að leggja niður Iðnskólann í þeirri mynd sem hann starfar í dag.

Bendir Hafnarfjarðarbær á að ákvörðun um að leggja Iðnskólann niður og fela Tækniskólannum rekstur skólans verði ekki tekin einhliða af ráðuneytinu. Fjölmargir samningar eru milli sveitarfélagsins og hins opinbera um þátttöku sveitarfélagsins í rekstri húsnæðis skólans. - 5a



7 ára ábyrgð á öllum  
nújum Kia bílum

www.kia.com

# Nýr sálufélagi bætist í hópinn



Brandenburg

soul



The Power to Surprise

## Nýr Kia Soul SUV — kraftur, þægindi og glæsileiki

Kia Soul SUV er kraftmikill og sparneytinn dísilbíl — sérhannaður fyrir þá sem gera kröfur um þægindi og glæsileika. Bíllinn er rúmgóður og ríkulega búinn aukabúnaði á borð við íslenskt leiðsögukerfi, 8" snertiskjá og sjálfvirka loftkælingu. 18" felgur og brettakantar setja svip sinn á bílinn. Hiti er í sætum og stýri og bakkmyndavélin forðar bílnum frá óþarfa skránum.

Kia Soul SUV bíður þín í Öskju. Komdu og prófaðu.

Verð **4.990.777 kr.**

Útborgun aðeins 10% eða **499.077 kr.**

Kia Soul SUV Luxury 1,6 — dísil, sjálfskiptur.



ASKJA · Krókhálsi 11 · 110 Reykjavík · 590 2100 · askja.is  
Viðurkenndur sölu- og þjónustuaðili KIA á Íslandi.



Fylgdu okkur á Facebook.  
facebook.com/kiamotorsisland

Aðgerðarleysi ógnar lífi sjúklinga:

## Rétturinn til lífs

**A**heimasiðu Mannréttindaskrifstofu Íslands er að finna eftirfarandi orð: „Réttur til lífs er grundvöllur annarra mannréttinda. Vegna þess hve mikilvægur rétturinn til lífs er, er ekki undir neinum kringumstæðum hægt að víkja frá honum, jafnvel þó neyðarástand ríki og líf þjóðar sé í hættu. Rétturinn til lífs er því ofar öðrum réttindum og þann rétt skal virða í hvívetna.“

Vonandi geta allir Íslendingar verið sammála þessum orðum. Þau eru einföld, skýr og afdráttarlaus. Þau eru kjarni þess sem gerir okkur að siðmenntuðu samfélagi þeirra sem bera hver annars hag fyrir brjósti frá degi til dags. Af þeim er enginn afsláttur og frá þeim verða engar undanþágur veittar.

Magnús Guðmundsson  
magnus@frettabladid.is



Engu að síður stöndum við nú frammi fyrir því að lífi fólks og heilsu virðist teflt í tvísýnu vegna kjaradeilu. Fjöldi krabbameinssjúkra einstaklinga er gert að bíða og vona á meðan tekist er á um það sem virðist vera sanngjarnar kröfur um leiðréttingu launa og kjara þeirra sem sinna í senn mikilvægu og erfiðu starfi innan Landspítala Háskólasjúkrahúss. Það er óásættanlegt með öllu. Því réttur hverrar manneskju til lífs er meiri en jafnvel réttur ríkisstjórna til þess að óttast óðaverðbólgu eða jafnvel efnahagshrun ef því er að skipta.

Það hljóta allir að gera sér grein fyrir því að það er erfitt að greinast með krabbamein hvers edlis sem það er. Því fylgir mikið andlegt og líkamlegt álag fyrir hvern þann sem verður fyrir þeim fjára og álagið á nánustu ástvinum getur á tíðum verið litlu minna. Þá er ómetanlegt að við Landspítala Háskólasjúkrahús starfa hæfir einstaklingar sem gera allt sitt til þess að vinna bug á sjúkdómnum og berjast þannig fyrir heilögum rétti okkar allra til lífs.

Nú þegar þetta ferli er rofið og lífi og heilsu sjúklinga þar með mögulega teflt í tvísýnu getur enginn staðið aðgerðarlaus og varpað frá sér ábyrgð. Verum þess minnug að í almennum hegningarlögum Íslands er lögð refsing við því að koma manneskju sem er í lífsháska ekki til hjálpar. Það er vegna þess eins og að framan greinir að við metum réttinn til lífsins sem grundvöll allra mannréttinda.

Ríkisstjórn Íslands getur því ekki stundinni lengur staðið aðgerðarlaus og fylgst með framvindu mála. Það er ekki deginum lengur hægt að vísa í ótta við erfiðleika í efnahagsmálum og spila sig stikkfrí í þessum samningum. Ríkisstjórninni ber skýlaus siðferðisleg skylda til að taka sæti við samningaborðið strax í dag og ljúka samningum með þeim hætti að viðlíka staða komi ekki upp aftur. Allt annað verður að víkja.

En treysti ríkisstjórnin sér ekki til þess að klára þetta verkefni og að klára það strax þá verður hún sjálf að víkja og hleypa að hverjum þeim sem metur mannlífið meira en verðbólguþjálfun, makrílkvóta og viðskiptajöfnuð eða hver svo sem afsökum dagsins er til þess að standa aðgerðarlaus hjá þegar mannlíf er í veði.

### FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI: Sævar Freyr Práinsson ÚTGEFANDI OG ADALRITSTJÓRI: Kristín Þorsteinsdóttir kristin@frettabladid.is AÐSTODARRITSTJÓRAR: Andri Ólafsson andri@365.is, Hrund Þórsdóttir hrund@stod2.is, Kolbeinn Tumi Daðason kolbeinntumi@365.is. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

BÓKAÐU Á FRÁBÆRU VERÐI!

SÍÐASTI DAGURINN Í DAG!

SPÁNARDAGAR KLÁRAST Í DAG!

FRÁBÆRT VERÐ TIL SPÁNAR!

Bókaðu sólríkt sumarfrí til MALLORCA, TENERIFE, COSTA BRAVA eða ALMERIA

Úrval Útsýn | Hlíðasmára 19 | 201 Kópavogi | 585 4000 | uu.is

### FRÁ DEGI TIL DAGS

#### Innlegg á leiðinni

Hnútur kjaradeilna virðist ekkert gera annað en harðna þessa dagana hvort heldur sem horft er til deilu ríkisins við háskólamenn, eða Samtaka atvinnulífsins við verkalyðsfélög á almennum vinnumarkaði. Vonarglæta virtist þó brjótast fram í orðum Eyglóar Harðardóttur, húsnæðis- og félagsmálaráðherra, á Sprengisandi Bylgjunnar í gær, um að ríkisstjórnin undirbúi skattabreytingar og breytingar á húsnæðislöggjöf sem innlegg í lausn deilnanna. Guð láti á gott vita því ljóst er að öryggi sjúklinga er hér stefnt í voða og velferð dýra líka, svona fyrir utan allt annað óhagræði sem á fólki bitnar vegna verkfallanna.



#### Mánuð í útreikningi

Einhver kynni hins vegar að spyrja af hverju í ósköpunum þessir hlutir séu fyrst og fremst að koma fram núna. Þá eru sporin fram til þessa kannski ekki beint líkleg til að auka fólki bjartsýni. Þannig var hálfhjákátlegt að heyra Eygló svara því til, að dráttur á frumvörpum hennar um aðgerðir í húsnæðismálum væri til kominn vegna þess hve langan tíma tæki að reikna út kostnað við þau í fjármálaráðuneytinu. Einhver losarabragur hefur þá verið að frumvörpunum ef heilan mánuð tekur að greina hvaða kostnað þau hafa í för með sér fyrir ríkið. Drátturinn gerir alla vega lítið til að draga úr sögusögnum um að andstaða sé við málið hjá hinum ríkisstjórnarflokknum.

#### Ósamstíga stjórn

Losarabragur virðist í það minnsta á hlutum þegar frumvörp ráðherra reynast ítrekað andvana fædd þegar til kastanna kemur, drepast annaðhvort hjá Bjarna Benediktssyni í fjármálaráðuneytinu eða í þingnefndum. Nýleg dæmi eru mál Eyglóar vegna félagslegs húsnæðis, frumvarp sjávarútvegsráðherra um makrílkvóta og svo náttúrlega frumvarp ráðherra iðnaðar- og ferðamála um náttúrupassa. Einhver kynni að draga þá ályktun að þarna ynni hver í sínu horni og væri svo steinhissa þegar mál hans fá ekki stuðning hinna.



### HALLDÓR



## Við strákarnir

#### JAFNRÉTTI



Magnús Orri Schram  
stjórnarmaður landsnefndar UN Women á Íslandi

Jafnrétti kynjanna er ekki eingöngu hagsmunamál kvenna, heldur eigum við strákarnir mikið undir því að jafnvægi ríki. Með valdeflingu kvenna sköpum við betri samfélög og bjartari framtíð fyrir dætur okkar, og ekki síður syni. Rannsóknir hafa sýnt að fjölgun kvenna við stjórnun fyrirtækja bætir rekstur þeirra, lengri og betri skólaganga kvenna stuðlar að auknum hagvexti og virkari þátttaka kvenna í stjórnámum leiðir af sér betri ákvarðanir. Því meira jafnvægi – því betra samfélag.

En við getum ekki látið stelpunum þessa baráttu eftir. Við strákarnir þurfum að taka virkan þátt. Það getum við gert með ýmsum hætti. Ef við reynum að eyða fordómum, berjast fyrir jafnlaunastefnu, og gætum við jafnari verkaskiptingu í heimilisstörfum og við barnaupveldi – getum við jafnað stöðu kynjanna á vinnumarkaði og í samfélaginu öllu. Mörg erum við föst í gömlum ranghugmyndum um hlutverk kynjanna og við strákarnir getum ekki eftirlátið það stelpunum að vinna í málinu. Við strákarnir þurfum líka að taka þátt.

Í dag hefst herferð UN Women á Íslandi sem ber heitið HeForShe – ólíkir

→ Rannsóknir hafa sýnt að fjölgun kvenna við stjórnun fyrirtækja bætir rekstur þeirra, lengri og betri skólaganga kvenna stuðlar að auknum hagvexti og virkari þátttaka kvenna í stjórnámum leiðir af sér betri ákvarðanir. Því meira jafnvægi – því betra samfélag.

en sammála um kynjajafnrétti og hefur það að markmiði að virkja karlmenn til baráttu fyrir auknu jafnrétti. Við hjá UN Women viljum hvetja karlmenn til að skrá sig á vefsíðuna heforshe.is og lýsa yfir stuðningi við verkefnið með því að gerast mánaðarlegir styrktaraðilar. UN Women á Íslandi styrkir verkefni um allan heim sem vinna að jafnrétti, aukinni menntun kvenna og upprætingu ofbeldis.

Strákar – nú er mikilvægt að við stígum fram. Við þurfum að taka virkan þátt í baráttunni og stöðja við jafnrétti kynjanna. Skráum okkur á heforshe.is og tökum slaginn með stelpunum. Við strákarnir.

# Bragamál

## Í DAG

Guðmundur Andri Thorsson  
rithöfundur



Bragi Ólafsson hefur legið undir ámæli fyrir að skrifa bókina Bögglapóststofan að beiðni fyrirtækisins Gamma sem notaði bókina til að gefa viðskiptavinum sínum – markpóstur heitir það víst í auglýsingafræðunum. Gamma er ekki ástsælt fyrirtæki: þetta fjárfestingarfélag í eigu lífeyrissjóðanna hefur staðið í umfangsmiklum fasteignakaupum og segir sagan að það eigi ríkan þátt í að sprengja upp verð á húsnæði á eftirsóttum stöðum í Reykjavík. Þar með gerir þetta fyrirtæki því fólki sem stendur straum af lífeyrissjóðunum – almenningi – erfiðara um vik en ella að standa í húsnæðiskaupum; fyrir ungt fólk er það nánast útilokað. Þegar ég var ungur voru lífeyrissjóðslán þau hagstæðustu á markaðnum. Nú höfum við Gamma. Svona fer nú öllu fram. Fyrirtækin virðist stjórnað af mönnum sem virka á mann eins og þeir telji sig eiga það og mega það.

Bragi er hins vegar ástsæll höfundur. Hann hefur smíðað sinn sagnaheim af alúð og í öllu sem hann skrifar er sérstakur og auðþekktur tónn. Hann hefur glatt fólk með snjöllum leikritum sem hafa orðið afar vinsæl og þó að allt gangi stundum á afturfótunum í skáldsögum hans og þær séu á köflum miklir hrakfallabálkar fylgir því beinlínis vellíðan að lesa þær því að hann skrifar svo vel. Hann er mjög háttvís höfundur, undirfurðulega formfastur á köflum, myndinn en ekki brandarakall; það er oft mjög skemmtilegt að fylgjast með þankagangi persónanna hjá honum og hann nær að lýsa ævívanda fólks þannig að maður skynjar hann og skilur hann.

### Með fjandann á hælunum

Misskilnings hefur gætt varðandi listamannalaun í þessari umræðu. Menn hafa talað sem svo að almenningur eigi rétt á því að njóta allra þeirra verka sem verða til hjá skáldum á slíkum launum. Það er ekki rétt. Launin eru tengd vissum verkefnum, og þegar horft er á mikil afköst Braga blasir við að hann hefur skilað sínu með sóma. Þó að menn fái laun til að sinna tilteknum verkefnum er ekki þar með sagt að þeir megi ekki sinna öðrum verkefnum líka. Ég er í hópi dyggra lesenda Braga Ólafssonar en ég tel mig ekki eiga neinn sérstakan rétt á því að

lesa bók hans Bögglapóststofan og ég verð að játa að ég er ekki sérstaklega hneykslaður á Braga fyrir að gera þetta: listamenn eru alltaf að vinna fyrir einhverja; margir listamenn starfa fyrir auglýsingastofur og beita hugkvæmni sinni til að hjálpa fyrirtækjum að selja varning sinn eða láta fólki líka við sig. Tónlistarfólk leyfir útvöldum að njóta listar sinnar og er þá ekki endilega að velta fyrir sér innræti hlustenda. Gamma er helsti styrktaraðili Sinfóníuhljómsveitarinnar en við væntum þess samt ekki af ásláttarmeistara þar að neita slá í þríhornið á tilskildum stað í mótmælaskyni við greiðandann. Áður var helsti styrkjandi Sinfóníunnar sjálft hið illræmda FL-group. Á miðöldum voru listamenn unnvörpum í þjónustu katólsku kirkjunnar en við tengjum þá samt ekki við ýmis óhæfuverk sem framin voru í skjóli hennar.

Á 19. öld lifðu skáld eins og Gröndal á því að yrkja eftir pöntunum erfiðjód þar sem þeir reyndu að kreista úr sér harminn yfir fráfalli meira og minna ókunnugs fólks. Skáldið er öðrum þræði alltaf í stöðu Ólafs Kárasonar gagnvart Pétri Þríhross eða þeim Nasa og Júst; auðvaldið vill alltaf fá aðgang að þeim töfrum sem skáldið kann að búa yfir og tengjast þeim; baða sig í þeim.

Listamenn eru alltaf með fjandann á hælunum, óðan og uppvægan að ráða þá í vinnu hjá sér. Sumir freistast þá til að reyna að gera eins og Sæmundur frá Fróði; snúa á hann og snúa hlutverkunum við.

### „Lýsigullið góða“

Án þess að ég viti hvað Braga gekk til ímynda ég mér að þar hafi ekki endilega legið að baki peningavon heldur kannski allt eins hitt sem dregur skáldin gjarnan inn í alls konar aðstæður: nýlundan, forvitnin; einhvers konar sköpunargleði, því að svona beiðni er óvenjuleg og um leið og skáld fá óvenjulega bón vaknar eitthvað í huga þeirra.

Þetta er ekki alveg einfalt mál. Skáld vinna með hugsanir og tilfinningar. Þau hafa vissan aðgang að hugskoti lesenda sinna sem fáum veitist. Þau skáld sem kunna til verka geta skapað töfrastundir í lífi þessara lesenda þegar þau ná í skottið á eldingunni, lokið upp hólfum í vitund þeirra sem áður voru lokuð, hleypt þar öllu í bál og brand eða fyllt allt af friðsæld og unun; sem sagt: látið lesendum sínum líða einhvern veginn, vel eða illa. Þetta er vandmeðfarin trúnaðarstaða og kallar á viss heilindi. Ekki síst að stilla sig um að fara að fylla hausinn á fólki með illsku og djöfulskap,

Skáld vinna með hugsanir og tilfinningar. Þau hafa vissan aðgang að hugskoti lesenda sinna sem fáum veitist. Þau skáld sem kunna til verka geta skapað töfrastundir í lífi þessara lesenda þegar þau ná í skottið á eldingunni, lokið upp hólfum í vitund þeirra sem áður voru lokuð.

hatri og heift, skilningsleysi og dómhörku. Bragi Ólafsson hefur aldrei gerst sekur um slíkt í verkum sínum. Öðru nær. Hann má taka til sín hvatningu Stephans G. til skáldanna í ljóðinu Bragamál – og rétt að taka fram að orðið „magn“ táknar hér afl en ekki fjölda en orðið „lýsigull“ vísar til þess gulls sem lýsir af og gefur birtu: „Láttu í háttum meðan mátt / magnið hreyfa þinna ljóða / hvern þinn dýrgrip, allt sem átt! / Auð þinn snauðum heimi bjóða – / fel ei lýsigullið góða! / Ljósið þitt um lífsins nátt.“



1. sæti  
Eymundursson  
- allar bækur  
29.4.-5.5



## STÓRGLÆSILEG ÚTSKRIFTARGJÖF!

„Almanakið eftir Ólaf Jóhann er yfirtak fallegur og vel saminn ljóðaflökkur, áhrifamikill í látleysi sínu og innileik.“

ÞORSTEINN FRÁ HAMRI

VERÖLD



# RJÚFUM ÍSLANDSMÚRINN

## AFNÁM HAFTA – HVENÆR OG HVERNIG?

Opinn fundur Samtaka atvinnulífsins þriðjudaginn 12. maí kl. 8.30-10 í Silfurbergi í Hörpu.

### Framsöguerindi:

Ásdís Kristjánsdóttir, forstöðumaður efnahagssviðs SA

Heiðar Guðjónsson, hagfræðingur og fjárfestir

Ásgeir Jónsson, dósent við Háskóla Íslands

Jón Danielsson, prófessor við London School of Economics

Að loknum framsöguerindum mun Þorsteinn Víglundsson, framkvæmdastjóri SA, stýra pallborðsumræðum.

Fundarstjóri: Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, forstöðumaður mennta- og nýsköpunarsviðs SA

Boðið verður upp á léttu morgunhressingu frá kl. 8.15.

SKRÁNING Á VEF SA



SAMTÖK  
ATVINNULÍFSINS

## Iðnskólinn í Hafnarfirði – spurningar vakna

Í Fréttablaðinu 20. apríl var fjallað um sameiningu Iðnskólans í Hafnarfirði, sem er ríkisstofnun, og Tækniskólans, skóla atvinnulífsins, sem er einkaskóli. Í fréttinni kom fram að líklegt væri að „ríkisskólinn renni þá inn í einkaskólann“. Nú hefur þetta gengið eftir.



Haukur R. Hauksson  
kennari

Innlímun Iðnskólans í Hafnarfirði í Tækniskólann vekur óneitanlega spurningar. Má ríkið afhenda einkaaðila ríkisstofnun, eins og raunin var með Iðnskólann í Reykjavík, Vélaskólann og Stýrimannaskólann á sínum tíma? Er það raunverulega svo að ráðherra geti einn og

óstuddur gerbylt starfs- umhverfi einstakra ríkisstofnana, svipt starfsfólk réttindum og sveitarfélög mikilvægri starfsemi og fært reksturinn einkaaðilum án þess að svo mikið sem bjóða verðmætin út? Ef svo er, get ég þá sem einstaklingur bent t.d. á Þjóðleikhúsið, sem er ríkisstofnun, og sagt: Mig langar í þessa stofnun. Síðan fengi ég mannskap inn í menntamálaráðuneytið á kostnað skattgreiðanda til að vinna að þessum gjörningi. Hafa eftirlitsaðilar, svo sem umboðsmaður Alþingis, ekki óskað eftir skýringum af minna tilefni?

# Atvinna fyrir alla – sem geta unnið!

## KJARAMÁL

Axel Jespersen  
Ellen Calmon  
Guðmundur Ingi Kristinsson  
Guðmundur Magnússon  
Halldór Sævar Guðbergsson  
Hilmar Guðmundsson  
María Óskarsdóttir  
Sigríður Hanna Ingólfssdóttir  
Sylviane Pétursson – Lecoulter  
Þorbera Fjölfnisdóttir  
í kjarahópi ÖBÍ

Mannréttindum er ætlað að tryggja fólki grundvallaréttindi og mannvirðingu. Mannréttindi eru alþjóðleg og eiga að ná til allra, án mismununar.

Í mannréttindum felst meðal annars rétturinn til þátttöku í samfélaginu og rétturinn til að stunda vinnu. Eins og fram kemur í 27. gr. í Samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks, sem Ísland undirritaði 30. mars 2007, eiga aðildarríkin að viðurkenna „rétt fatlaðs fólks, til jafns við aðra, til vinnu; í því felst réttur til að fá ráðrúm til að afla sér lífsviðurværis með vinnu að eigin vali eða vinnu sem er þegin á frjálsan hátt á vinnumarkaði og í vinnuumhverfi sem fötluðu fólki stendur opið, er án aðgreiningar og er því aðgengilegt.“

## Atvinnuþátttaka

Í rannsóknnum kemur fram að mikill meirihluti örorkulífeyrisþega vill vinna. Hins vegar eru eingöngu rúm 30% þeirra með einhverjar atvinnutekjur. Aðspurðir telja þeir helstu hindranir fyrir atvinnuþátttöku fyrst og fremst tengjast hinum ýmsu þáttum vinnumarkaðarins. Næst koma miklar tekjutengingar almannaþrygginga og heilsuleysi eða fötlun. Það er því stór hópur fólks á Íslandi sem upplifir að hann sé útilokaður frá þátttöku á vinnumarkaði.

Aðgengi örorkulífeyrisþega að atvinnu er því miður ekki fullnægjandi á Íslandi. Hægt væri að bæta úr því með fjölgun hlutastarfa og auknum sveigjanleika á vinnutíma. Frá október 2014 hefur ÖBÍ unnið að átaksverkefni í samvinnu við Vinnuálastofnun og Landssamtökin Þroskahjálpar þar sem stofnanir á vegum ríkis og sveitarfélaga voru hvattar til að ráða fólk með skerta starfsgetu. Því miður hafa einungis innan við 10 störf borist af tilstuðlan þessa verkefnis.

Miklar tekjutengingar í almannaþryggingakerfinu hamla atvinnuþátttöku örorkulífeyrisþega. Fyrstu tekjur lífeyrisþega skerða greiðslur frá Tryggingastofnun þannig að hver króna sem viðkomandi vinnur sér inn skerðir lífeyrinn um nákvæmlega sömu upphæð og viðkomandi hefur fengið í atvinnutekjur. Því er enginn fjárhagslegur ávinningur eða hvati fyrir þann hinn sama að stunda vinnu. Þetta kallast króna á móti krónu skerðing eða 100% skerðing á sérstakri framfærsluþátt. Slíkar tekjuskerðingar og lágt frítekjumark gera það að verkum að fólk aflar sér lítilla eða engra viðbótartekna með vinnu sinni. Fólk er þannig haldið í fátæktargildru og frá þátttöku á vinnumarkaði.

Í nýrri skýrslu ÖBÍ, Virkt samfélag, eru m.a. tillögur um að afnema 100% skerðingar og að hækka frítekjumark vegna atvinnutekna í 309.140 kr. á mánuði.

## Tryggja á aðgengi

Stjórnvöld hafa nýlega lýst því yfir að við horfum fram á betri fjárhagstíð með blóm í haga. Er því ekki einmitt rétti tíminn núna til að endurskoða almannaþrygginga- og lífeyrissjóðskerfið frá grunni með það fyrir augum að tryggja fólki með skerta starfsgetu aðgengi að vinnumarkaði og

## → Miklar tekjutengingar í almannaþryggingakerfinu hamla atvinnuþátttöku örorkulífeyrisþega.

viðunandi framfærslu? Ásamt því að tryggja lagalegu stöðu þess með lagasetningu um bann við mismunum á vinnumarkaði.

Mínnt er á að lífeyrir almannaþrygginga er undir lágmarkslaunum fyrir dagvinnu. Veruleg hækkun persónuafsláttar myndi lækka skattbyrði allra sem myndi þá einnig ná til tekjulágra skattgreiðenda. Hækkun persónuafsláttar er því einföld og skilvirk leið sem stjórnvöld geta valið að fara nú þegar. Í dag greiðir fólk skatt af tekjum yfir 142.153 kr.

Krafan er störf við hæfi fyrir þá sem hafa starfsgetu til þess og veruleg hækkun lífeyrisgreiðslna. Niðurstaðan væri sú að lífeyrisþegar geti lifað mannsæmandi lífi af tekjum sínum, hvort heldur þeir eru á vinnumarkaði eða ekki.

## Áskorun til stjórnvalda

ÖBÍ leggur mikla áherslu á að Samningur SP um réttindi fatlaðs fólks verði fullgiltur og lögfestur. Meðal réttinda sem eru tryggð í samningnum er réttur til framfærslu, annarrar félagslegrar aðstoðar og réttur til vinnu á vinnumarkaði án aðgreiningar. Á heimasíðu ÖBÍ [www.obi.is](http://www.obi.is) er að finna áskorun til stjórnvalda um að innleiða Samning SP um réttindi fatlaðs fólks. ÖBÍ hvetur alla til að skrifa undir áskorunina. Samningurinn hefur tekið gildi í 151 ríki. Fjögur Evrópulönd eiga eftir að innleiða hann, Ísland, Finnland, Írland og Holland. Ætlum við að verða síðust Evrópuríkja?

# Lýðræði eða lýðskrum?

Það var aumkunarvert að horfa nýverið upp á Katrínu Jakobsdóttur, formann VG, mæla fyrir tillögu um að halda þjóðaratkvæðagreiðslu um áframhald viðræðna um aðild að Evrópusambandinu. Enn fremur að hún skyldi segja að þar sé um að ræða prófstein á lýðræðið í landinu.

Þar talar Katrín annað hvort gegn betri vitund eða hún skilur ekki muninn á lýðræði og lýðskrumi. Þjóðaratkvæðagreiðsla er ekki endilega ávísun á lýðræði. Það ræðst af ýmsu. Það er t.d. frumskilyrði að kostirnir sem valið er um séu skýrir og báðir eða allir framkvæmanlegir. Þannig hlyti eina lýðræðislega atkvæðagreiðslan um þetta mál að snúast um viljann til að ganga í ESB eða ekki.

Þá þyrfti líka að liggja skýrt fyrir að fyrirvörum sem fylgdu þingsályktuninni um aðildarumsókn yrði víkið til hliðar og forræði þjóðarinnar yfir sjávarauðlindinni yrði gefið upp á báttinn. Sama á við um það skilyrði að setja skorður við innflutningi dýra- og landbúnaðarafurða til að koma í veg fyrir sjúkdóma og tryggja fæðuöryggi.

Þessi skilyrði komu fram bæði í greinargerð og nefndarálit sem vísað er til í tillögunni sjálfri. Seint á árinu 2011 sigldu viðræðurnar við ESB í strand þar sem ESB neitaði að opna viðræður um sjávarútvegs- og landbúnaðarkafnann fyrr en fyrir lægi tíma- og áætlum um aðlögun Íslands að stefnu ESB í málaflokknum.

Það er tímabært að Katrín Jakobsdóttir og aðrir sem ákaft hafa reynt að blekkja þjóðina undanfarin misseri svari því hvort þeir vilja setja auðlindir Íslands á

## EVROÞUMÁL



Þorvaldur Þorvaldsson  
trésmiður og formaður Alþýðufylkingarinnar

→ Með inngöngu í ESB yrðum við lokuð inni í ríkjasambandi sem mótaði allt líf okkar án þess að við gætum haft áhrif á hvert það þróast og það dylst fáum núorðið að það þróast á versta veg.

opinn evrópskan markað, koma á viðskiptahöftum við lönd utan ESB og lögfesta markaðsvæðingu allra innviða samfélagsins. Auk þess hangir margt fleira á spýttunni sem sumt kemur ekki í ljós fyrr en eftir mörg ár.

Ætlar Katrín og fylgjendur hennar kannski að sæta lagi til smokra sér fram hjá þeim fyrirvörum sem Alþingi setti við aðildarumsóknina svo lítið beri á, eða er meiningin að fyrirhugaðar viðræður verði eins konar stórukeppni við ESB? Niðurstaða hennar yrði fyrirséð þar sem ESB hefur á að skipa her manna með langa reynslu af að stara.

Spurningin snýst um hvort við viljum ganga í ESB með því sem því fylgir en ekki um formsatriði eða óánægju með ríkisstjórnina. Með inngöngu í ESB yrðum við lokuð inni í ríkjasambandi sem mótaði allt líf okkar án þess að við gætum haft áhrif á hvert það þróast og það dylst fáum núorðið að það þróast á versta veg. Það er því kaldhæðnislegt að þeir sem þykjast tala fyrir lýðræði í þessu máli eru í raun að reyna að hjúpa þad gervingaböku og grafa þannig undan lýðræðinu. Eg krefst þess að minn lýðræðislegi réttur snúist um annað og meira en að greiða atkvæði um að afnema lýðræðið.



Citroën Nemo  
2.550.000 kr. m. VSK  
2.056.452 kr. án VSK

Citroën Berlingo  
2.950.000 kr. m. VSK  
2.379.032 kr. án VSK

Citroën Jumpy  
3.890.000 kr. m. VSK  
3.137.097 kr. án VSK

NÝR Á ÍSLANDI  
KYNNTU ÞÉR FRÁBÆRA VIÐBÓT VIÐ STERKA  
SENDIBILALÍNU CITROËN.

## CITROËN SENDIBÍLAR. HAGKVÆMIR, ÁREIÐANLEGIR OG Á GÓÐU VERÐI.

CRÉATIVE TECHNOLOGIE

15 ára afmæli  
Citroën og Brimborg



Öruggur staður til að vera á

Brimborg er stærst í sölu atvinnubíla á Íslandi.  
Veldu traust umboð með einstöku þjónustuframboði fyrir bíla- og tækjafloata.

Nýir og notaðir bílar: Sóludeild er opin alla virka daga kl. 9-17 og laugardaga kl. 12-16  
Brimborg Reykjavík: Bildshöfða 8, sími 515 7040 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050

Skoðaðu  
[citroen.is](http://citroen.is)



CITROËN


# HOLLARI SKÓLAJÓGÚRT



**Skólajógúrt** er nú **sykurminni** og uppfyllir viðmið Skráargatsins um sykurmagn í jógúrt. Jógúrtin er afar **kalkrik**, inniheldur **trefjar** og fæst í fjórum bragðtegundum.

**Hrein Skólajógúrt** er góður valkostur fyrir þá sem vilja **engan viðbættan sykur**. Hana má bragðbæta með t.d. ávöxtum eða musli.

**Veldu það sem hentar fjölskyldu þinni.**





## MERKISATBURÐIR

- 1311** 64 musterisriddarar voru brenndir á báli í Frakklandi fyrir villutrú.
- 1661** Ragnheiður Brynjólfssdóttir í Skálholti sór eið um hreinlífi sitt. Sonur hennar, Halldór Daðason, fæddist 40 vikum síðar.
- 1678** Franski flotaforinginn Jean 2. d'Estrées sigldi öllum flota sínum í strand.
- 1721** Kötlugos hófst.
- 1777** Hannes Finnsson var vígður Skálholtsbiskup.
- 1812** Spencer Perceval, forsætisráðherra Bretlands, var myrtur.
- 1911** Knattspyrnufélagið Valur var stofnað.
- 1936** Knattspyrnufélagið Víðir var stofnað í Garði.
- 1949** Hamlet var frumflutt í Iðnó.
- 1955** Kópavogur fékk kaupstaðarréttindi.
- 1911** Íslenska vefritið Baggalútur hóf göngu sína.



ÞETTA GERÐIST 11. MAÍ 2010

## David Cameron og Nick Clegg taka við

David Cameron, leiðtogi Íhaldsflokksins í Bretland, varð forsætisráðherra þann 11. maí 2010. Gordon Brown, leiðtogi Verkamannaflokksins, hafði áður verið forsætisráðherra frá því í júní árið 2007. Stjórn Camerons var mynduð af tveimur flokkum, Íhaldsflokknum og Frjálslynda demókrataflokknum, þar sem enginn flokkur hafði náð hreinum meirihluta í breska þinginu. Þessi samsteypustjórn hafði samtals 363 þingmenn á bak við sig, eða 76 manna meirihluta. Cameron

valdi Nick Clegg, leiðtoga Frjálslynda demókrataflokksins, sem varaforsetisráðherra.

Í kosningunum, sem fóru fram þann 6. maí 2010, fengu íhaldsmenn kjörna 306 þingmenn. Það var besta niðurstaða íhaldsmanna í kosningum allt frá árinu 1992. Engu að síður voru þeir 20 þingmönnum frá því að ná hreinum meirihluta. Því þurfti að mynda fyrstu samsteypustjórnina sem mynduð hafði verið allt frá árinu 1974.



**BORÐADI MEÐ TENGÐÓ** Björgólfur hitti tengdafjölskylduna grillveislu í gær. Þar voru samankomin fjögur afmælisbörn. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

## Fjögur afmælisbörn í sömu fjölskyldunni

Björgólfur Takefusa er 35 ára. Hann ver deginum í vinnu, enda setti hann nýlega á fót netverslun með mat. Hann nýtti stund milli stríða í gær til þess að grilla með tengdafjölskyldunni. Báðir tengdforeldrar eiga sama afmælisdag og hann.

Björgólfur Takefusa er fæddur 11. maí 1980 og er því 35 ára í dag. Hann býst ekki við því að gera neitt sérstakt á afmælisdaginn. „Nei ég held að það fari nú bara mest í vinnu,“ segir Björgólfur.

Í gær fór hann hins vegar í grillveislu til tengdforeldra sinna. Svo háttar til að tengdforeldrar hans eiga báðir sama afmælisdag og hann og tengdabbi hans er tvíburi. Í fjölskyldunni eru því fjögur afmælisbörn í dag. „Þetta er mjög gaman og mjög sérstakt,“ segir Björgólfur.

Björgólfur er nýbúinn að setja á fót fyrirtæki sem er nokkurs konar matarnetverslun. Félagið heitir Matarinnkaup ehf. og er með meðal annars tvær síður sem heita hvaderimatinn.is og matinnheim.is. Björgólfur segir að þær verði að öllum líkindum sameinadar undir einni.

„Ég var bara núna nýlega í heimsókn hjá Tesco að kynna mér hvernig þeir gera hlutina,“ segir Björgólfur. Hann segir að það hafi verið alveg ótrúlega skemmtileg lífsreynsla því Bretland sé komið einna lengst með matarnetverslanir og Björgólfur segir að þær séu það sem koma skal.

Þar fór hann á stað sem Bretarnir kalla „darkstore“ en það er í raun verslun þar sem menn og vélmenn sjá um að þjónusta þá sem kaupa inn á netinu. Þar er raðað í körfur, meðal annars eftir því hvenær er pantað og hvernig á að keyra út og annað fleira. „Þetta er ævintýralega flott og við eyddum heilum degi þar og vorum að skoða. Þetta var alveg ótrúlega gaman,“ segir Björgólfur.

Björgólfur er þekktastur fyrir það að vera knattspyrnumaður. Hann sleit barnsskónum hjá Þrótti og spilaði með liðinu til 2003. En hann hefur líka spilað með Fylki, KR, Víkingi, Val og Fram. Hann segist í vetur hafa spilað með félagsskap sem kallar sig Flair-Oldboys Þróttur. „Það var hentugt af því að ég var með þeim yngstu og sprækustu,“ segir Björgólfur. En upp á síðkastið hefur hann verið að mæta á æfingar hjá meistaraflokki Þróttar. Hann segir að sig hafi einfaldlega dauðlangað til að mæta og það hafi gengið ágætlega. „Ég er búinn að skora nokkur mörk á æfingum,“ segir hann.

Björgólfur segist hafa farið á leikinn í gær þar sem Þróttur vann 4-1 og þau úrslit hafi verið mjög góð afmælis-

**„Mér finnst þetta í rauninni bara mestu forréttindi í heimi og maður er bara núna byrjaður í vissum skóla sem hættir ekkert. Svo er maður bara að reyna að geta eitthvað sem pabbi.“**

*Björgólfur Takefusa, afmælisbarn.*

gjöf. Hann segir jafnframt að það sé mjög skemmtileg og heilbrigð stemning í herbúðum Þróttara.

Það hafa líka orðið fleiri stórtíðindi í lífi Björgólfs að undanförunu, því hann er nýlega orðinn pabbi. Hann kann ákaflega vel við það hlutverk. „Mér finnst þetta í rauninni bara mestu forréttindi í heimi og maður er bara núna byrjaður í vissum skóla sem hættir ekkert. Svo er maður bara að reyna að geta eitthvað sem pabbi,“ segir Björgólfur. Aðspurður hvort litla stelpan sé kominn með nafn þá segir hann að hún muni bera nafnið Takefusa en annað hafi ekki verið ákveðið ennþá varðandi nafnið.

jonhakon@frettabladid.is



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma

**GUÐRÚN BERGPÓRSDÓTTIR**  
vefnaðarkennari  
frá Fljótstungu,  
Gullsmára 10, Kópavogi,



andaðist í Brákarhlíð, Borgarnesi, föstudaginn 1. maí. Útförin fer fram frá Drígraneskirkju þriðjudaginn 12. maí kl. 13.00.

Bjarni Johansen

Sigurlaug Halldórsdóttir  
Helga Halldórsdóttir  
Anna Björk Bjarnadóttir  
Guðrún Harpa Bjarnadóttir  
Ragnheiður Lilja Bjarnadóttir  
Halldór Heiðar Bjarnason  
Guðjón Már Magnússon  
Sigrún Ásta Magnúsdóttir  
Hákon Örn Magnússon

Tómas Holton  
Erlendur Pálsson

Lilián Pineda  
Steinunn Árnadóttir  
Steinar Már Sveinsson

og langömmubörnin.



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**KRISTÍN MARÍA GRÍMSDÓTTIR**  
Gullsmára 11, Kópavogi,



sem lést sunnudaginn 3. maí á Landspítalanum í Kópavogi, verður jarðsöngin frá Kópavogskirkju miðvikudaginn 13. maí kl. 15. Þeim sem vildu minnst hennar er bent á lungnadeild Landspítalans, A6, Fossvogi.

Grímur Halldórsson  
Guðrún Ellen Halldórsdóttir  
Ketill Arnar Halldórsson  
Hrafnhildur Halldórsdóttir  
Halldór G. Björnsson

Hildur M. Blumenstein  
Guðmundur Kr. Jóhannesson  
Jóhanna H. Oddsdóttir  
Smári Ríkarðsson

barnabörn og fjölskyldur þeirra.



# FÓLK

KYNNINGARBLAÐ



## ÚTSKRIFT

Útskriftarsýning Myndlistaskólans í Reykjavík stendur yfir. Þar má sjá marga fallega listgripi nemenda skólans. Síða 2

**GEZE**

### Rafdrifnir gluggaopnarar

RAFDRIFIÐ KEÐJUDRIF GEZE EOL N

**JARN&GLER** Járn & Gler hf. - Skútuvogur 1h. Barkarvogsmegin. - 104 Reykjavík S: 58 58 900. www.jarngler.is



**HANDVERKS-KONUR**  
Anna Stefania Magnúsdóttir og Freyja Kristjánsdóttir eru miklar hannyrðakonur og hafa mestan áhuga á handverki sem tilheyrir þjóðbúningagerð svo sem baldýringu, perlu- saumi, blómstursaumi og skatteringu og knipli.  
AÐSENDAR MYNDIR

## ALLIR GETA KNIPLAÐ

**BLÚNDUGERÐ** Knipl er gamalt handverk sem meðal annars er notað til að skreyta þjóðbúninga. Fáir kunna aðferðina en allir geta lært hana.

Þær Anna Stefania Magnúsdóttir, starfskona í Borgum, félagsheimili eldri borgara, og Freyja Kristjánsdóttir leikskólakennari eru félagar í Heimilisönaðarfélaginu og nota öll tækifæri sem bjóðast til að boða fagnaðarerið. Knipl er gamalt handverk sem þeim finnst mikilvægt að gleymist ekki. „Knipl er blúndugerð sem unnin er með þráðum sem festir eru í kniplpinna, litla trépinna. Kniplpinarnir er færðir til eftir ákveðinni reglu, þræðirnir vefjast og fléttast saman. Títuprjónum er stungið milli þráðanna til að halda öllu á sínum stað á meðan verið er að knipla. Það eru ekki mjög margir sem kunna knipl en það geta allir lært það. Víða í Evrópu eru kniplað og þá oftast úr hör. Hér hefur mögulega verið erfitt að fá hör en ullin var alltaf tiltæk. Því hefur kniplið þróast nokkuð öðruvísi hér en annars staðar. Hér var kniplað úr ull og silki og gull- og silfurþræði,“ útskýra þær.


Þær segjast einnig vilja halda á lofti hversu mikilvægt Heimilisönaðarfélagið er því þar liggja mikil þekking á gömlu handverki, meðvitund um mikilvægi þess að sá hluti af menningararfinum glattist ekki og metnaður til að viðhalda honum og auðga.

Vinkonurnar hafa áhuga á þjóðbúningum og hafa gert þá fyrir sig og fleiri fjölskyldumeðlimi. „Eitt af því sem er svo skemmtilegt að skreyta þá með er kniplið. Við skreytum bakið á upphlut með knipluðum blúndum úr silki og silfur- eða gullþræði. Svo eru kniplaðar blúndur á faldbúningspils úr ull. Einnig eru kniplaðar blúndur á kraga sem fylgja faldbúningi.“

Freyja og Anna Stefania verða á sýningunni Handverk og hönnun næsta sunnudag, 17. maí. „Þar ætlum við auðvitað að knipla og segja frá knipli ef einhver hefur áhuga. Og jafnvel að leyfa fólki að prófa að knipla.“



KNIPLAÐUR KRAGI



KNIPL VIRÐIST FLÓKIÐ

Þrátt fyrir það segja Freyja og Anna Stefania alla geta lært að knipla.

Þú finnur kraftinn.

MEÐ **TUDOR**

Eitt mesta úrval landsins af rafgeymum í allar gerðir farartækja. Mælum • skiptum um • traust og fagleg þjónusta • 30 ára reynsla

Bildshófa 12 • 110 RVK • 577 1515 • www.skorri.is

**SKORRI** SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM **TUDOR**

# Lager sprengja

Aðeins nokkra daga

20-70% afsláttur

Völuteigur 17-19 Mosfellsbæ - Sími 660 0021

**Tilboð** á völdum vörum í verslun meðan á lagersölu stendur t.d. sýningardýnum

**12 mán.** vaxtalausr greiðslur\*

**Svefn & heilsa** ★★★★★

Lager: Völutegi 17-19 - Mosfellsbæ Sími 660 0021 - Opið kl. 12-18:30 laugardag 12:00 - 16:00

www.svefn.is

Listhúsinu Laugardal, Reykjavík og Baldursnesi 6, Akureyri

50-70% afsláttur af skiptidýnum, eldri gerðum, útlitsgölluðum dýnum, stillanlegum rúnum, höfðagöflum, rúmstæðum hvíldarstólum, sófum, rúmteppum, koddum, lökum o.fl.

Opið virka daga 12-18:30 - Laugardag 12-16

# ÆVINTÝRIN ERU RÉTT AÐ BYRJA

**ÚTSKRIFTARSÝNING** Þórhildur Ásmundsdóttir og Stefán Hermannsson ljúka bæði námi við Myndlistaskóla Reykjavíkur nú í vor. Bæði fundu sína hillu í skólanum og Stefán eftir 30 ára fjarveru frá skólabókum.

Ég er smiður og hafði unnið við það í 30 ár þegar hrunið varð. Þá var allt tekið úr höndunum á mér og ég stóð uppi ráðalaus. Það tók mig tíma að ná mér á strik, andlega og líkamlega, en á eftir hafði ég hreint borð og gat snúið mér að því sem mig hafði alltaf dreymt, að vera myndlistarmaður," segir Stefán Hermannsson, einn útskriftarnema frá Myndlistaskólanum í Reykjavík en hann lýkur stúdentsprófi frá sjónlistadeild skólans nú í vor.

Útskriftarverkefni Stefáns er innsetning eða skúlptúr sem sjá má á vorsýningu skólans í JL húsinu við Hringbraut 121. Innsetningin er byggð á falli Berlín-armúrins.

„Fréttamyndir frá því að múrinn féll hafa verið mér hugleiknar árum saman, tilfinningarnar sem þar brutust út á báða bóga og viðtölin við fólk. Mig hafði alltaf langað til að vinna með þetta á einhvern hátt og fékk tækifæri til þess hér," segir hann. „Ég steypiti 60 fætur úr gípsi og raðaði á gólfið í eins konar röð, öftustu fæturnir eru brotnir en framar eru fæturnir heilir. Það má sjá fyrir sér fólk og aðstæður þess.“

**FANN SIG EINNIG Í SKÓLANUM** Þórhildur Ásmundsdóttir er að ljúka tveggja ára diplómanámi í mótun við skólann. Hún vinnur nytjahluti í postulín og fann, líkt og Stefán, sína hillu í Myndlistaskólanum.

„Á menntaskólabróltinu fann ég að ég vildi gera eitthvað með höndunum. Ég kláraði almenna hönnun í Tækniskólanum þar sem ég fékk góðan grunn en hér hef ég algjörlega fundið mína línu," segir Þórhildur. „Námið er mjög fjölbreytt og hver önn annarri ólík. Við lærðum handmótun og rennslu og mótagerð og þar að auki er hugmynda- vinna og skissugerð stór hluti



**FUNDU SÍNA HILLU Í MYNDLISTASKÓLA REYKJAVÍKUR** Þórunn Ásmundsdóttir og Stefán Hermannsson útskrifast frá Myndlistaskólanum í Reykjavík. MYND/STEFÁN

af náminu. Einnig fór hópurinn í tveggja vikna skólaferð til Danmerkur og Þýskalands, en þar unnum við í viku að okkar hlutum hjá postulínsverksmiðjunni Kahla. Ég var ein þriggja nemenda sem fékk lærlingsstöðu hjá fyrirtækinu í framhaldinu og þangað fer ég í haust, í þrjár vikur. Eftir það er stefnan sett á frekara framhaldsnám erlendis," segir Þórhildur.

**HÆTTA MEÐ SÖKNUÐI**

Stefán stefnir einnig á frekara nám og er þegar kominn inn í myndlistadeild Listaháskóla Íslands.

„Ég er ofboðslega þakklátur Myndlistaskólanum í Reykjavík að hafa leitt mig inn í heim myndlistar og hjálpað mér að skilgreina hann betur. Það var mér mikils virði að læra af unga fólkinu í skólanum sem er svo óhrætt, ég lærði að sleppa mér," segir hann. „Þetta er búið að vera mikið ævintýri, sem mun bara halda áfram," segir Stefán og Þórhildur tekur í sama streng. „Kennararnir hérna eru svo frábærir að maður er hálf meyr yfir að vera að hætta.“

Sýningin stendur til sunnudagsins 17. maí og er opin klukkan 13-18 alla daga.



GYRO kr. 156.400




MIST KLUKKA kr. 9.980



SMILE BUTTON - 3JA SÆTA kr. 204.800



ASTRID kr. 79.800



GINA kr. 19.700



CALVIN TUNGUSÓFI 269X153 cm kr. 227.400



2 SAMAN Í SETTI

YUMI kr. 28.400



TURTLE kr. 239.000

## LÍNAN

BÆJARLIND 16 - KÓPAVOGUR - SÍMI 553 7100 - WWW.LINAN.IS  
ÓPIÐ MÁNUDAGA TIL FÖSTUDAGA 11 - 18 LAUGARDAGA 11 - 16



**ÞESSI GÖMLU GÓÐU Á EINUM STAÐ**  
BESTA TÓNLISTIN FRÁ 1960 - 1985

GULL BYLGJAN

**HITA KÚTAR**  
Amerísk gæða framleiðsla  
30-450 lítrar  
Umboðsmenn um land allt  
**RAFVÖRUR**  
DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI  
SÍMI 568 6411 · RAFVORUR@RAFVORUR.IS

**Gríms fiskibollur**  
hollur kostur á 5 mín.  
Gríms Fiskibollur  
GRÍMUR KOKKUR  
DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI  
SÍMI 568 6411 · RAFVORUR@RAFVORUR.IS



**Bogi Pétursson** lögg. fasteignasali  
**Finnbogi Hilmarsson** lögg. fasteignasali  
**Stefán Már Stefánsson** sölufultrúi  
**Guðbjörg G. Blöndal** lögg. fasteignasali  
**Ásdís Írena Sigurðardóttir** skjalagerð  
**Brynjólfur Snorrason** sölufultrúi  
**Karen Sævarsdóttir** MBA markaðsfræði  
**Gunnlaugur A. Björnsson** sölufultrúi  
**Hjálmar Már Kristinsson** sölufultrúi



Finndu okkur á Facebook

530 6500

Suðurlandsbraut 22 | Ópið mán. – fös. frá kl. 9–17 | www.heimili.is

530 6500

Allir þurfa þak yfir höfuðið

**588 4477**

Þú hringir - við komum - það ber árangur!



**Bárður Tryggvason** Eigandi Sölufultrúi 896 5221  
**Ingólfur Geir Gissurarson** Eigandi Framkvæmdastjóri Lögg. fasteignasali 896 5222  
**Heiðar Friðjónsson** Söluhjálpari Löggiltur fasteignasali B.Sc 693 3356  
**Erlendur Davíðsson** Lögg. fasteignasali Forstöðumaður útibús Ólafsvík 897 0199  
**Margrét Sigurgeirsdóttir** Skrifstofustjóri margret@valholl.is 588 4477



**Eiríkur Þór Björnsson** Sölufultrúi 846 8487  
**Pétur Steinar Jóhannsson** Sölufultrúi Snæfellsnes 893 4718  
**Garðar Kjartansson** Sölufultrúi 853 9779  
**Ellert Róbertsson** Sölufultrúi 893 4477  
**G. Andri Guðlaugsson** Löggiltur Sölufultrúi 662 2705



www.valholl.is · www.nybyggingar.is

## Fallegt hús með aukaíbúð

Heimili fasteignasala hefur til sölu fallegt einbýlishús við Sigtún 49.

Húsið, sem er í grónu hverfi, er skráð sem tvær íbúðir.

Hæð: Komið er inn í anddyri með flísum og fatahengi. Forstofuherbergi er með parketi og skáp. Holið er rúmgott og stofurnar tvær eru bjartar. Hjónaherbergi er parketlagt með fataskáp. Þaðan er hægt að fara út á svalir í suðaustur en útgengt er af þeim út á þak bílskúrsins. Baðherbergið á hæðinni er flísalagt í hólf og gólf. Eldhúsið er með fallegri sérsníðaðri, uppgerðri eldri innréttingu. Vandaður Smeg-ísskápur í stíl við innréttinguna fylgir með.

Úr anddyri er gengið upp í risið. Þar er komið inn í stórt og bjart parketlagt alrými þar sem farið er út á svalir í suður. Í risinu er herbergi með parketi og skápum og baðherbergi með sturtuklefa. Góðar súðargeymslur eru í risinu.



Húsið stendur á fallegri lóð í Sigtúni.

Sérinnangangur er í kjallarann en einnig er innangengt úr anddyri. Komið er inn í flísalagt anddyri en geymsluskápur er undir stiga. Herbergi með parketi og fataskáp. Stórt herbergi með parketi og fataskáp. Nýlegt baðherbergi en inn af því er þvottahús.

Úr holinu er gengið inn í 2JA

HERBERGJA ÍBÚÐ: Hún skiptist í bjarta stofu með parketi, eldhús með eldri innréttingu og svefnherbergi. Baðherbergi er flísalagt með tengi fyrir þvottavél.

Bílskúrinn er 23,2 fm og hefur honum verið breytt í skrifstofu og geymslu. Baka til er einnig stór og góð köld geymsla þar sem geymd eru hjól o.fl.

**Fasteignasala Mosfellsbæjar**

Einar Páll Kjærnested  
 lögg. fasteignasali.  
 einar@fastmos.is



KJARNNA - PVERHOLTI 2 • 270 MOSFELLSBÆ • SÍMI: 586 8080 • FAX: 586 8081  
 WWW.FASTMOS.IS

### Kvislartunga - 270 Mosfellsbær



Vorum að fá í sölu tvö 181,5 m<sup>2</sup> parhús á einni hæð, tilbúin til innréttinga, við Kvislartungu 47-49 í Mosfellsbæ. Birt stærð hvorrar eignar eru 181,5 m<sup>2</sup>, þar af er íbúð 140,7 m<sup>2</sup> og sambygður bílskúr 40,8 m<sup>2</sup>. Eignin afhendist tilbúin til innréttinga. **V. 39,5 m.**

### Desjamýri 7 - 270 Mosfellsbær



28 m<sup>2</sup> geymsluhúsnæði/bílskúrar á lokuðu svæði við Desjamýri 7 í Mosfellsbæ. Þetta er mjög góður kostur fyrir iðnaðamenn, eða dótakassi fyrir leikföngin, svo og sem geymsla. **V. 3,7 m.**

### Hraunteigur 3 - 105 Reykjavík



Byggingargramkvæmd við Hraunteig 3 í Reykjavík. Tilvalið fyrir verkataka eða aðila sem vill byggja einbýli/tví eða þrjúbýlishús á 566,4 m<sup>2</sup> lóð á þessum vinsæla stað. Möguleiki er að nýta útvegg hússins. Óskað er eftir tilboði í eignina.

### Vesturgata 73 - 101 Rvk.



120,4 m<sup>2</sup>, 4ra herbergja íbúð á 2. hæð við Vesturgötu 73 í Reykjavík. Íbúðin skiptist í þrjú svefnherbergi, baðherbergi, stofu og eldhús. Sérgeymsla er á jarðhæð. Fallegt útsýni og tvennar svalir. **V. 39,9 m.**

### Klapparhlíð 22 - 270 Mos.



Björt og falleg 97,0 m<sup>2</sup> 4ra herbergja endaíbúð með sérinnangangi og suðvestursvölum á efri hæð í 2ja hæða fjölbýli. Eignin skiptist í forstofu, þrjú svefnherbergi, baðherbergi, þvottahús, eldhús og stofu. Sérgeymsla á sömu hæð. Frábær staðsetning, stutt í skóla, leikskóla, sund og líkamsrækt. **V. 31,9 m.**

### Ögurharf 4 - 203 Kópavogur



Vorum að fá í sölu tvö 180,4 m<sup>2</sup> skrifstofuhúsnæði á 2. hæð við Ögurharf 4 í Kópavogi. Hægt er að sameina húsnæðið í eitt 360,8 m<sup>2</sup> skrifstofuhúsnæði. Flottur frágangur. Steinteppi á gólfum. Kerfisloft með góðri lýsingu. Eldhús- of baðinnrétting frá GKS. Strímlagardínur í gluggum. Síma- og tölvutenglar. Lyfta er í húsinu. **V. 180,4 m<sup>2</sup> = 32,8 m. V. 360,8 m<sup>2</sup> = 64,5 m.**

### Dalatangi 1 - 270 Mosfellsbær



**OPÍÐ HÚS**  
 Opíð hús í dag mánudag frá kl. 17:30 til 18:00 allegt og vel skipulagt 213,8 m<sup>2</sup> einbýlishús með innbyggðum bílskúr við Dalatanga 1 í Mosfellsbæ. Eignin skiptist í fjögur svefnherbergi, tvær rúmgóðar stofur, tvö baðherbergi, eldhús, þvottahús og bílskúr. Steypt bílplan með snjóbræðslu og gróinn garður með timburverönd í suðvestur. **V. 48,9 m.**

### Bergúnargata 5 - 270 Mosfellsbær



Tvær íbúðir í þrjúbýlishúsi við Bergúnargötu 5 í Mosfellsbæ. 266,9 m<sup>2</sup> íbúð sem er búð að breyta í tvær íbúðir. Aðkoma í íbúð á efri hæð hússins að austanverðu en að vestanverðu er gengið inn á jarðhæðina. Eignin er ekki fullbúin en að mestu íbúðarhæf. **V. 48,9 m.**

### Akurholt 12 - 270 Mosfellsbær



192,4 m<sup>2</sup> einbýlishús með tvöföldum bílskúr við Akurholt 12 í Mosfellsbæ, í einstaklega skjólgóðu og grónu hverfi. Húsið skiptist í 4 svefnherbergi, stóra stofu/borðstofu, eldhús, baðherbergi, gestasalerni, þvottahús og geymslu. Stór garður og gott bílplan. Eignin er skráð 192,4 m<sup>2</sup>, þar af einbýlishús 139,1 m<sup>2</sup> og bílskúr 53,3 m<sup>2</sup>. **V. 49,9 m.**

# Óskum eftir öllum stærðum og gerðum eigna á söluskrá. Skoðum og metum samdægurs. Sanngjörn sölubóknun.

## Byggingarlóðir í byggðu hverfi í Kópavogi

Höfum til sölu fjórar byggingarlóðir undir parhús og eina undir einbýlishús í Kópavogi.

Lóðirnar eru byggingarhæfar nú þegar.

Nánari upplýsingar veittar á skrifstofu.

## Goðatún – Garðabæ.



Virkelega fallegt og vel skipulagt 203,1 fm. einbýlishús vel staðsett innst í götu auk baðhúss á baklóð og stórrar útgeymslu.

Miklar og skjólgóðar verandir eru á framlóð hússins og baklóð hússins er öll afgirt með viðar- og hellulagðri verönd með heitum potti. Húsið hefur verið mjög mikið endurnýjað á undanförmum árum, m.a. eldhúsinnrétting, baðherbergi o.fl. Eignin er byggð á vandaðan máta og eru innihurðir og hluti loftklæðninga úr tekki.

**Verð 59,9 millj.**

## Álfhólsvegur – Kópavogi. - Einbýlishús á 1.120 fm. lóð



160,0 fm. einbýlishús á tveimur hæðum á fallegum útsýnisstað í Kópavogi auk geymsluriss yfir öllu húsinu.

Húsið er í nokkuð góðu ásigkomulagi hið ytra, nýlega sprunguviðgert, múrað og málað.

**Verð 49,0 millj.**

## Naustavör 2 -8 í Kópavogi - Nýjar íbúðir í Bryggjuhverfinu í Kópavogi.



Um er að ræða 3ja hæða hús við Naustavör. Íbúðirnar eru 3ja og 4ra herbergja frá 110,1 fm. upp í 145,7 fm. og verða með vönduðum íslenskum innréttingum frá Brúnás og vönduðum AEG eldhústækjum. Íbúðirnar eru ýmist með góðum svölum eða stórum timburverndum. Stæði í bílageymslu fylgja öllum íbúðum. Sjávarútsýni er úr flestum íbúðum.

Íbúðirnar verða afhentar án gólfefna, þó verða flísar á baðherbergjum og þvottahúsum.

Byggingaraðili er: Byggingarfélag Gyfja og Gunnars.

## Óðinsgata 4 - 3ja herbergja íbúð.



Falleg og vel skipulögð 82,4 fm. íbúð á 3. hæð að meðtalinni sér geymslu á frábærum stað við Óðinsgötu.

Útsýnis nýtur frá íbúðinni yfir borgina, að Snæfellsjökli og víðar.

Baðherbergi er nýlega endurnýjað og með þvottaaðstöðu. Tvö rúmgóð herbergi. Húsið að utan er nýlega málað og í góðu ástandi.

**Verð 34,9 millj.**

## Laugavegur. Glæsileg 3ja herbergja íbúð.



Glæsileg 3ja herbergja 124,6 fm. íbúð á 3. hæð í glæsilegu og vönduðu íbúðar- og verslunarhúsi við Laugaveg.

Íbúðin snýr í suður með suðursvölum og er með vönduðum eikarinnréttingum. Stofa með gólfisíum gluggum. Auðvelt að breyta íbúðinni í 4ra herbergja íbúð.

Bílastæði fylgir á aðgangsstýrðu bílplani fyrir aftan húsið.

**Verð 55,0 millj.**

## SÓLTÚN



### Sóltún. 4ra – 5 herbergja íbúð á efstu hæð.

Mjög góð 141,9 fm. 4ra - 5 herbergja íbúð á tveimur hæðum, 8. hæð og ris, að meðtöldri 8,5 fm. sér geymslu í kjallara. Íbúðinni fylgir sér stæði í bílageymslu. Samliggjandi setu- og borðstofa. Svalir til austurs. Eldhús er hálfopið í stofu með vönduðum innréttingum. Þrjú herbergi. Innbyggð ljós eru í loftum neðri hæðar. Þrefalt gler er í öllum gluggum, sem eru álguggar. Húsið er klætt að utan með lituðu áli. **Verð 49,9 millj.**

## BAUGAKÓR



### Baugakór - 4ra herbergja endaíbúð.

Virkelega falleg 140,0 fm. endaíbúð á 3. hæð (efstu) með sér inngangi af svölum og með gluggum í þrjár áttir í góðu lyftuhúsi. Sér stæði í bílageymslu. Allar innréttingar og fataskápar eru frá InnX. Innihurðir og gólfefni eru úr eik. Stórar og skjólsælar svalir til suðurs. Mikið skápláss er í íbúðinni. Góð staðsetning, nærri barnaskóla, leikskóla og íþróttasvæði. **Verð 40,9 millj.**



# LANGALÍNA 28- 32, SJÁLANDI GARÐABÆ

NÝJAR 2JA, 3JA OG 4RA HERBERGJA ÍBÚÐIR.

Sérlega glæsilegt 3ja hæða álklætt fjölbýlishús í Sjúlandi í Garðabæ.

Íbúðirnar eru frá 105 -188 fermetrar og verða afhendar með vönduðum íslenskum innréttingum frá Brúnás og vönduðum AEG eldhústækjum.

Íbúðirnar verða ýmist með tvennum svölum eða stórum timburveröndum og svölum.

Stæði í bílageymslu fylgja öllum íbúðum.

## SÉRBÝLI



### AFLAGRANDI 30 - RAÐHÚS.

Eignin verður til sýnis þriðjudaginn 12. maí frá kl. 17.15 – 17.45

Vel skipulagt og vandað 190,6 fm. raðhús á tveimur hæðum auk riss á þessum eftirsóttastað í vesturbænum. Eignin er í góðu ástandi að innan og utan. Rúmgóð stofa og borðstofa með útgengi á verönd til suðurs, sjónvarpshol og fjögur herbergi. Eignandi skoðar skipti á ódýrari eign. Verið velkomin. **69,9 millj.**

## 2JA HERBERGJA



### VATNSSTÍGUR. GLÆSILEG ÍBÚÐ.

Mjög falleg og afar vel skipulögð 2ja herb. 95,2 fm. íbúð á 2. hæð í mjög vönduðu fjölbýlishúsi með lyftu auk yfirbyggðra svala og sér bílastæðis í lokaðri og upphitaðri bílageymslu á góðum stað fremst við sjóinn í Skuggahverfinu. Innréttuð á afar vandaðan og smekklegan máta. Innréttingar eru úr hvíttatri eik og ljóst eikarparket er á gólfum, utan baðherbergis sem er flísalagt í gólf og veggi. **49,9 millj.**

## 4RA HERBERGJA



### HVERFISGATA 105. ÍBÚÐ Á EFSTU HÆÐ.

Falleg 124,0 fm. íbúð á 4. hæð, efstu, í lyftuhúsi á frábærum stað miðsvæðis í Reykjavík. Austursvalir með fallegu útsýni. Aukin lofthæð í stofu/Eikarinnrétting í eldhúsi og á baði. Eikarparket á mest allri íbúðinni. Frábær staðsetning þar sem miðbærinn er í göngufæri. Næg bílastæði á baklóð. **38,9 millj.**



### KLAPPARÁS.

Mjög gott 338,6 fm einbýlishús á fjórum pöllum með innbyggðum bílskúr í lokuðum botnlanga á frábærum stað neðst við Elliðaárdalinn í Árbænum. Auðvelt er að útbúa sér íbúð á neðri hæð. Arinn í stofu. Stutt er í alla útivist, sundlaug og alla þjónustu. Skjólsgóður trjá garður, tvær verandir til suðausturs og suðvesturs og svalir til vesturs. Gangstéttar á lóð allar endurnýjaðar. **71,0 millj.**



### STRIKIÐ - SJÁLANDI GARÐABÆ. ÍBÚÐ Á EFSTU HÆÐ.

Virilega falleg 82,0 fm. íbúð á efstu hæð að meðtalinni sér geymslu. Mikil lofthæð og yfirbyggðar svalir til suðurs á 6. hæð í þessu eftirsóttu lyftuhúsi. Innréttingar úr eik. Baðherbergi flísalagt í gólf og veggi og með gólfsturtu. Úr sameign er innangengt í þjónustumiðstöð, sem er í húsinu. **36,9 millj.**

## 3JA HERBERGJA



### STRANDVEGUR 2 - SJÁLANDI GARÐABÆ.

Eignin verður til sýnis frá kl. 17.15 – 17.45

Virilega falleg og vönduð 107,4 fm. íbúð á jarðhæð með verönd til suðurs í lyftuhúsi í Garðabæ auk sér bílastæðis í bílageymslu. Gott aðgengi fyrir fatlaða er að íbúðinni. Stofan er mjög stór og björt og eldhúsið er rúmgott með góðri borðaðstöðu við útbýgðan glugga til suðurs. Íbúð merkt 0101. Verið velkomin. **39,9 millj.**



### ÆGISGRUND – GARÐABÆ

